

# DKG

INTERNATIONAL SOCIETY  
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

*Vor 2017*

*Félag kvenna í fræðslustörfum  
á Íslandi*

## *Vorblóm*

*Geislar sólar gægjast fram úr  
gráum skýum –  
krókusarnir – kollum nýjum  
kinka létt í vorblæ hlýjum.*

*Dreifð um blöðin daggartárin  
dansa af kæti.  
Vappar hjá – á völtum fæti  
vængsmár fugl – sér nær í æti.*

*Vakið hefur vorið bjarta  
úr vetrar dvala  
orkugjafinn uppheims sala –  
um það glettnir lækir hjala.*

*Steingerður Guðmundsdóttir  
úr bókinni LOG  
sem gefin var út 1980*



Ljósmynd: Berglind Njálisdóttir

## Sumarkveðjur frá samskipta- og útgáfunefnd

Kæru DKG systur!

Samskipta- og útgáfunefnd, skipuð konum úr Kappadeild, býður ykkur hjartanlega velkomnar að vorfréttabréfi DKG 2017 og vonar að þið njótið lesturs þess.

Fjölbreytt efni fréttabréfsins að þessu sinni endurspeglar hvað DKG konur hafast margt að og hve fjölbreytni starfs Delta Kappa Gamma er mikil. Í grein sinni lítur Eygló Björnsdóttir, forseti landssambandsins, um öxl yfir þau tvö ár sem hún hefur gegnt embættinu. Eins og hennar er von og vísa segir hún okkur af einlægni hvernig hún spurði sig að því út í hvað hún væri eiginlega búin að koma sér og segir okkur hvað verkefni verða léttari þegar unnið er með góðum samstarfskonum. Hún fagnar því að ný deild hefur bæst í hópinn, Nýdeild á vestanverðu Norðurlandi, og við í samskipta- og útgáfunefnd tókum undir með henni. Þegar Eygló skrifaði kveðjuna til okkar allra hlakkaði hún til Landssambandsþingsins á Akureyri, sem þá var í undirbúningi.

Í afmælisgrein um Delta Kappa Gamma á Íslandi 40 ára segir Sigrún Klara Hannesdóttir okkur frá aðdraganda að stofnun samtakanna á Íslandi og hvernig hver deildin af annarri var stofnuð. Síðan leiðir hún okkur í allan sannleika um opinberan stofndag og styður það eindregið að við höldum upp á hvert stórafmæli í tvö ár.



Næst er sagt frá stofnun Nýdeildar, nýjstu deildar samtakanna, og Orðum til umhugsunar, sem sögð voru sem hvatningar- og leiðbeiningarorð til deildarinnar á stofnfundinum. Það er einkar ánægjulegt að sjá að samtökin ná nú næstum því í kringum landið, að við erum aðeins skrefi frá því að umfaðma landið okkar.

Í fréttum frá Landssambandsþinginu segir frá góðri fræðslu og skemmtan sem þátttakendur nutu. Þar segir frá ávarpi fulltrúa alþjóðasambandsins og síðan fylgdu fjögur erindi með áhugaverðum fróðleik um þróun skólustarfs, stofnun nýs skóla, menntabúðir kennara og lærdómssamfélag skólastjórnaenda.

Síðan fáum við að kynnast aðeins hugmyndafræðinni á bak við Jákvæðan aga. Aníta Jónsdóttir, formaður Betadeildar, segir okkur hvernig hún hefur ferðast með þessari hugmyndafræði og hvernig það kom til. Ekki sakar að geta þess að hún fékk styrk úr sjóði DKG til að fara á ráðstefnu í vor og kynna sér þessi fræði. Munið eftir þeim möguleika, systur góðar!

Þar á eftir taka við hefðbundnir fréttapistlar frá deildum þar sem sjá má að vanda hve virkar deildirnar eru og hvað umfjöllunarefni okkar geta verið margvísleg.

Að lokum er grein eftir Ingibjörgu Auðunsdóttur, Betadeild, um það hvernig hún hefur þróað verkfæri til að vinna með einelti hjá stúlkum í grunnskólum. Það er forvitnilegt að lesa um að kveikjan var að hefðbundnar vinnuaðferðir sem dugðu gegn einelti meðal pilta skiluðu ekki sama árangri hjá stúlkum. Ritnefndin telur að svona löng grein hafi ekki áður verið birt í fréttabréfinu, og erum við Ingibjörgu afar þakklátar fyrir að hafa unnið grein handa okkur upp úr fyrirlestri sem hún flutti nýlega um þetta efni og hlaut mikið lof fyrir. Höfum við hvatt hana til að koma þessu góða efni víðar á framfæri.

Þetta er fjórða og síðasta fréttabréfið sem við stöndum að. Nú fer þetta kefli í aðrar hendur og við óskum nýrri samskipta- og útgáfunefnd allra heilla. Við erum margs vísari um dugnað og elju DKG kvenna og það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með starfinu á þennan hátt. Um leið og við hvetjum ykkur til að lesa fréttabréfið „spjaldanna á milli“ þökkum við fyrir samstarfið og óskum ykkur öllum gleðilegs sumars.

Sólborg Alda Pétursdóttir  
Valgerður Magnúsdóttir  
Sigrún Kristín Magnúsdóttir

## Kveðja frá landssambandsforseta Eygló Björnsdóttur



Núna, þegar liðin eru tvö ár frá því ég tók við starfi forseta landssambandsins og ný stjórn er að taka við keflinu, er við hæfi að líta um öxl. „Hvað er ég eiginlega búin að koma mér út í“ var spurning sem leitaði á hugann á þessum tímamarki fyrir tveimur árum. En ég get ekki annað sagt en að þó að þessi tími hafi vissulega verið annasamur hafi hann bæði verið lærdómsríkur og skemmtilegur. Ég hef verið svo heppin að vinna með frábærum konum í stjórn, framkvæmdaráði og nefndum sem allar hafa verið boðnar og búnar að leggja sitt af mörkum til að láta starfið blómstra, auk fjölda annarra kvenna í félaginu sem hafa lagt sitt lóð á vogarskálarnar.

Í upphafi settum við okkur markmið til að vinna eftir, en það var „Verum virkar – styrkjum starfið“, því eins og við allar vitum er félagið ekkert meira en það sem við sjálfar leggjum af mörkum og því ræðst það af okkar virkni hversu öflugt félagið er. Ekki er annað hægt að segja en að þessum markmiðum hafi verið náð á margan hátt þó að alltaf megi gera betur. Formenn deilda eru núna í óða önn að senda mér skýrslur yfir starfið á tímabilinu og þar sést vel hversu virkur félagsskapurinn okkar er. Mjög fjölbreytileg verkefni hafa verið í deildunum og er ekki laust við að mann langi til að hafa getað „dreift sér“ og verið með í öllu þessu frábæra starfi. Reyndar hef ég átt þess kost að heimsækja flestar deildir á tímabilinu og upplifa að einhverju leyti það öfluga starf sem fram fer og fyrir það er ég þakklát. En það má líka sjá að starfið hefur ekki bara verið fræðsla og fagleg verkefni, heldur hafa félagskonur líka náð að skemmta sér saman og styrkja bönd vináttu,

trúmennsku og hjálpsemi. Núna á vordögum eða í haust eru svo flestar deildir að styrkja starfið enn frekar með því að taka inn nýja félaga og ekki má gleyma því að í vor tókst okkur að bæta við nýrri deild, Nýdeild, sem er á Norðvesturlandi. Með henni bjóðum við velkomnar í hópinn 18 kraftmiklar og flottar konur sem stækka tengslanetið okkar enn frekar. Við þurfum að nýta vel þetta tengslanet sem við höfum innan félagsins og miðla sem mest þeirri þekkingu sem félagskonur búa yfir út í samfélagið. Þannig getum við verið virkar, ekki bara innan félagsins, heldur í samfélaginu öllu.

Þegar þetta er skrifað eru örfáir dagar í landssambandsþing og eftirvæntingin liggur í loftinu. Um 80 konur eru skráðar á þingið og verður gaman að hittast og eiga bæði fræðandi og skemmtilegan tíma saman. Undirbúningsnefnd úr Beta- og Mýdeild hefur séð um að skipuleggja ytri umgjörð þingsins og menntamálanefndin fræðilega dagskrá laugardagsins. Aðalfundurinn er á sínum stað á sunnudeginum, þar sem við ræðum innri mál félagsins og kjósum okkur nýja stjórn til næstu tveggja ára áður en við höldum út í sumarið. Síðustu vikuna í júlí verður svo Evrópuþingið haldið í Tallinn í Eistlandi. Þegar er vitað um nokkrar konur úr okkar



röðum sem hyggjast sækja þingið en nægur tími er enn til að slást í hópinn og skella sér með. Allar upplýsingar eru á vef Evrópuþingsins. Svo má geta þess að til stendur að halda Evrópuþingið 2019 hér á Íslandi og þá þurfum við nú heldur betur að bretta upp ermarnar og „vera virkar“ ☺.

Ég ætla ekki í þessum pistli að tíunda frekar störf landssambandsstjórnar en upplýsingar um þau er að finna í skýrslu landssambandsforseta sem lögð verður fram á aðalfundinum og einnig birt á vefnum okkar.

Ég þakka ykkur öllum fyrir ánægjuleg kynni og samstarfið þennan tíma og óska nýrri stjórn alls hins besta í störfum hennar fram undan. Mig langar að enda þessa vorkveðju á stuttu ljóði eftir Guðrúnu Valdimarsdóttur frá Teigi í Vopnafirði sem ber heitið Vorsól.

## Vorsól

Vorsól skín og vermir landið,  
vetur genginn er á braut.  
Lifnar allt sem lá í dvala,  
laufgast tekur foldarskraut.  
Aftur verða grænar grundir,  
glitrar á í fögrum dal.  
Niður hlíðar liðast lækir  
ljóma slær á fjallasal.

Sæt er angan ótal jurta,  
ilmur blandast hlýjum þey.  
Vaxa blóm á berjalyngi,  
brosir lítið gleym mér ei.  
Fagurt syngur fugl á kvisti,  
fagnar komu vorsins dátt.  
Það er yndi alls er lifir,  
öllu veitir töframátt.

Njótið sumarsins, kærur DKG konur, og  
komið tvíefldar til leiks í haust.

Eygló Björnsdóttir, forseti DKG

## Delta Kappa Gamma á Íslandi 40 ára

Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild

### Alfadeildin stofnuð 1975

Mín persónulegu kynni af stofnun Delta Kappa Gamma á Íslandi hófust í raun haustið 1975 og í mínum huga eru þau órjúfanlega tengd kvennafrídeginum, 24. október. Ég fór eins og flestar konur á Lækjartorg til að taka þátt í ógleymanlegum hátíðarhöldum. Og eftir fundinn mætti ég upp á Hótel Sögu til að hitta bandaríska konu, Maria Pierce, sem hingað var komin til að stofna samtökin á Íslandi.



En málið hófst ekki þarna. Þuríður Kristjánsdóttir rekur uppruna samtakanna í riti sem sett var saman árið 1997 og heitir **Félag kvenna í fræðslustörfum 20 ára**. Þar segir hún að í september 1975 hafi Guðrún P. Helgadóttir fengið bréf frá nefndri Maríu sem þá var útbreiðslufulltrúi samtaka sem kennd voru með grísku stöfunum DKG – Delta Kappa Gama. Erindi bréfsins var að kynna samtökin með það í huga að stofna deild á Íslandi. Guðrún svaraði bréfinu og taldi tormeðki á að hér yrði stofnuð deild, einkum vegna annríkis allra sem að þessum málum ynnu. En frúin kom samt til Íslands og hún var einkar lagin við að fá konur til liðs. Hún sat þarna sallaróleg og mér er sérstaklega minnisstætt hvernig hún bar sig að. Hún tók aldrei nei fyrir svar. Hún spurði til dæmis „þekkið þið ekki einhvern góðan stærðfræðikennara?“ Jú, auðvitað gátum við bent á einhvern á því sviði, „eða einhverja góða tungumálakennara?“ Og áfram var haldið að safna nöfnum. Kvenkyns skólastjórar voru ekki margir árið 1975 en nokkrar konur voru þó námsstjórar eða kennarar við Kennaraskólann eða sambærilegar stofnanir. Og þeim var boðin þátttaka. Mér fannst alltaf svolítið sérkennilegt að ég skyldi vera á blaði hjá henni en ástæðan fyrir því var sú að árið 1967 fékk ég styrk frá World Fellowship til að fara í nám í bókasafnsfræði í Detroit og það var einmitt DKG sem veitti mér þennan styrk.

Sem sagt, 7. nóvember 1975 var Alfadeildin stofnuð og sagt er frá því í *The Delta Kappa Gamma Society International News* frá 1976-1977 að Ísland sé þar með sjöunda landið utan Bandaríkjanna sem gengið hafi til liðs við samtökin. Á undan okkur voru stofnaðar deildir í Kanada (1952), Noregi (1970), Svíþjóð (1972), Mexíkó (1974), Finnlandi (1974) og Gvatemala (1974). Á eftir okkur komu svo Holland (1976), Púertó Ríkó (1975), Bretland (1977), El Salvador (1978), Kostaríka (1980) og Þýskaland (1992). Eftir það komu Eistland og Panama og nýjasta landið er Japan.



Það voru 18 íslenskar konur sem teknar voru inn í samtökin 7. nóvember 1975. Fyrsti formaður Alfadeildar var valin Þuríður J. Kristjánsdóttir, sem gegndi formennskunni allt til 1979. Aðrar í fyrstu stjórninni voru Margrét Gunnarsdóttir Schram, Áslaug Friðriksdóttir, Sigríður Kristjánsdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir. Anna Kristjánsdóttir var gjaldkeri en lögum samkvæmt var hún þó ekki í stjórninni. Á myndinni göðu sem birtist í News erum við allar 18 og stjórnin situr fremst á myndinni (birt í lok greinar).

Strax var tekið til óspilltra málanna og Alfadeildin starfaði sem landssamband fyrstu árin. Þuríður rifjar upp frá fyrstu árum landssambands: „Viðfangsefnin voru að miklu leyti þau sömu, að kynna sér þann félagsskap sem hér um ræðir, þýða og gefa út lög og reglugerðir fyrir deildir og landsambönd, reyna að einfalda flókna hluti eins og þann fjölda nefnda sem kveðið er á um að finna starfinu farveg sem okkur hér hentaði.“

Þetta gekk ótrúlega vel og ég tel að það hafi verið mikil gæfa fyrir DKG á Íslandi að Þuríður varð þessi fyrsti forseti. Ég man vel fyrstu stjórnarárin hvað hún lagði mikla áherslu á að samtökin yrðu fyrir okkur, við ættum að laga regluverkið að okkar hagsmunum og núna eftir 40 ár er hægt að ljósra því upp að við fórum oft ekki eftir reglum samtakanna og sniðum okkur stakk eftir vexti.

### Landssambandið frá 1977

Allar götur frá upphafi hafði okkur verið sagt að til þess að stofna Landssamband (State) þyrfti að stofna þrjár deildir og 2. júní 1977 var stofnuð Betadeild á Akureyri og 5. júní 1977 var Gammadeild stofnuð. Formaður útbreiðslunefndar, dr. Inez Jeffrey, kom til landsins til að stofna deildirnar tvær og þar með átti íslenska landssambandið að vera formlega stofnað. Í áður nefndu afmælisriti segir á síðu 32: „Það er regla að stofnun þriggja fyrstu deildanna í nýju landi er kostuð af einhverju landssambandi í Bandaríkunum og þykir það hinn mesti heiður að vera styrktaraðili.“ Styrktaraðili Alfadeildar var Iowa og Gammadeild var styrkt af Vestur-Virginíu. Hins vegar veit ég ekki hver var styrktaraðili Betadeildar og þætti gaman að fá að vita það ef þær upplýsingar eru einhvers staðar til.

Sem sagt: Allar götur vorum við í þeirri trú að miða ætti þátttöku Delta Kappa Gamma á Íslandi við stofnun Landssambandsins 1977 en ekki 1975 þegar Alfadeild var stofnuð. Í öllum ritum um samtökin hefur þetta verið okkar skilningur. Skilningur alþjóðasamtakanna breyttist þó í tímanna rás þótt ekki geti ég sett fingur á hvenær það gerðist. Þá var farið að miða stofnun landsambands (state) hvers lands við stofnun fyrstu deildarinnar. Það er í raun eðlilegt því oft eru aðeins ein eða tvær deildir starfandi árum saman í hverju landi en þær konur sem eru meðlimir þeirra deilda eru auðvitað meðlimir landssambands, svæða (e. region) og alþjóðasamtakanna.

### Haldið upp á afmæli tvisvar á hverjum áratug

Það er gaman að glugga í afmælishátíðir samtakanna undanfarna fjóra áratugi því þar kemur í ljós að við höfum aðallega haldið upp á afmæli landssambandsins en sjaldnar afmæli Alfadeildar. Árið 1985, á 10 ára afmæli Alfadeildar, var haldinn landssambandsfundur að Stóru-Tjörnum en í maí 1986 kom forseti samtakanna, Jessie Sim, í heimsókn og árið 1987 var svo Deltadeildin stofnuð.

Alfadeild hélt upp á 20 ára afmæli sitt í nóvember 1995 en síðan var haldið vorblót 1996, bæði ráðstefna og afmælishátíð, og fengum við tvo erlenda gesti til okkar af þessu tilefni. Voru það Evrópufulltrúinn Dorothy Haley og International Speaker, Mary V. Bicovaris. Afmælisritið **Félag kvenna í fræðslustörfum 20 ára** var gefið út 1997 og alþjóðaforsetinn, Paula Dent, kom

á Landssambandsþingið það ár og var viðstödd afhendingu skjalasafns samtakanna til Kvennasögusafns. Loks má nefna að Etadeildin var stofnuð 1997, sem var nokkurs konar hátindur afmælishaldsins.

Á 30 ára afmæli landssambandsins var mikið í lagt. Haldið var myndarlegt afmælisþing vorið 2007 í Reykholti, gefið var út veglegt afmælisrit með fræðilegum greinum félagskvenna um menntamál undir heitinu **Þekking – þjálfun – þroski – 30 ára afmælisrit**. Veittar voru heiðursviðurkenningar og sett var upp sögusýning þar sem farið var yfir feril deildanna í máli og myndum og voru myndasýningarnar sérlega skemmtilegar.

Þegar 40 ára afmæli Alfadeildar nálgast fannst mér kominn tími til að fá úr því skorið hvenær við ættum afmæli! Það var nokkuð kostulegt fyrir mig að taka þátt í endurskoðun laga samtakanna á árunum 2008-2010 þar sem var mér tjáð að við hefðum misskilið málið frá upphafi varðandi stofndagsetninguna, en kannski hefðum við líka fengið rangar upplýsingar! Mér fannst þetta í rauninni nokkuð sérkennilegt og vildi fá skriflega staðfestingu frá Alþjóða-skrifstofu Delta Kappa Gamma um skilning hennar á dagsetningu á stofnun DKG á Íslandi og það fékk ég síðan fyrir 40 ára afmæli Alfadeildar í nóvember 2015:

Í bréfi til mín segir Sandra Smith Bull sem var þá starfandi sem framkvæmdastjóri (**Interim Executive Director**): „*There seems to be no doubt that Maria J. Pierce led the chartering of Alpha Chapter on November 7, 1975 and thus from that date on there was an Iceland State Organization because the State Organization must be founded before there can be a chapter. Hence you and the others are Founders of Iceland State organization and charter members of Alpha Chapter. The crux of the argument seems to be whether it takes more than one chapter for there to be a state organization. But it is not a chicken or egg scenario. There must be a State Organization before there can be a chapter or chapters. Now, privately (and this will not be in the letter we will send) Maria Pierce may have instigated the controversy by indicating that you really needed more than one chapter to be legitimate – she was probably trying to encourage immediate expansion of more chapters and it worked; but, that notion also gave rise to the myth...*

*The official date that is listed in documents such as the Go-to Guide and that date is Nov. 7, 1975.*“

Þar með var þetta vafamál leyst en niðurstaðan er sú að við höfum virkilega notið þess að halda upp á bæði afmæli Alfadeildar og stofnunar landssambandsins og þar með afmæli tveggja næstu deilda með pomp og prakt. Við höfum haldið upp á afmæli samtakanna með stórhug og skemmtun sem hefur í flestum tilvikum varað í tvö ár. Hátíðin hefur verið haldin með þingum og ýmiss konar menningarlegum viðburðum sem hafa borið hróður samtakanna út. Ég tel að það megi kannski þakka þessum hressilegu tveggja ára afmælisveislum að samtökin hafa breiðst út meira á Íslandi en í nokkru öðru landi. Því sé ég enga ástæðu til þess að breyta þessu fyrirkomulagi!





## *The Delta Kappa Gamma Society International*



Members and officers (seated) of Alpha Chapter, Reykjavik, Iceland, gather for ceremonies and dinner.

### **Alpha Chapter Organized in Iceland**

Dr. Thuridur J. Kristjansdottir was elected president of Alpha Chapter in Reykjavik, Iceland and will guide the activities of 18 members who were initiated November 7 with Mrs. J. Maria Pierce, chairman of the Expansion Committee, conducting the initiation and installation ceremonies.

After the ceremonies, initiates were guests of the Society at a dinner party given at the Loftleider Hotel hosted by Mrs. Pierce. Cables from Mrs. Esther Strickland, international president, and the Headquarters staff and Upsilon State, Iowa, welcomed the new members into the fellowship of the extensive professional family of women educators.

In sponsoring Alpha Chapter of Iceland, Iowa became the first state in the Northwest Region to sponsor organization in another country. One of the initiates, Bryndis Viglundsdottir, was the recipient several years ago of a faculty scholarship from the University of Northern Iowa at Cedar Falls and when she makes a brief visit this winter to Perkins Institute for the Blind in Boston members in the area will have the privilege of meeting her and giving her a special welcome.

Dr. Kristjansdottir, president of Alpha Chapter earned the M.A. and Ph.D at the University of Illinois in Educational Psychology and teaches at the Teacher Training College in Reykjavik. Another of the new members, Sigrun Klara Hannesdottir, was the recipient of one of the World Fellowships in 1967 and attended Wayne State University in Detroit.

Iceland becomes the seventh country outside of the United States to be organized as a part of the Delta Kappa Gamma Society International.

## Stofnun Nýdeildar, 2. apríl 2017

### Jenný Þórkatla Magnúsdóttir, formaður Nýdeildar



Það var hátíðlegt á annarri hæð á veitingastaðnum B&S á Blönduósi sunnudaginn 2. apríl þegar Nýdeild, þrettánda deildin í DKG á Íslandi, var stofnuð. Auk þeirra kvenna sem ætla að gerast félagar í deildinni voru mættar Eygló Björnsdóttir, forseti landssambandsins, Sigríður Guttormsdóttir, Sigríður Guðnadóttir og Elín Magnúsdóttir úr féлага- og útbreiðslunefnd og gestirnir Ingileif Ástvaldsdóttir í Mýdeild, Guðbjörg M. Sveinsdóttir í Þetadeild og Ingibjörg Jónasdóttir í Gammadeild. Nýdeild starfar á Norðvesturlandi og gerðust 18 konur frá Hólum, Hofsósi, Varmahlíð, Sauðárkróki, Skagaströnd, Blönduósi og Hvammstanga stofnfélagar.

Þegar búið var að setja fund og kveikja á kertunum þremur sem tákni um vináttu, trúmennsku og hjálpssemi flutti Ingileif Ástvaldsdóttir okkur „orð til umhugsunar.“ Hún talaði um upplifun sína þegar Mýdeildin var stofnuð og að hverju væri gott að huga á fyrstu starfsárum nýrrar deildar (pistil Ingileifar má lesa hér að neðan).



Næst á dagskránni var að taka inn konur í nýju deildina og sáu þær Eygló og Sigríður Guttormsdóttir, formaður féлага- og útbreiðslunefndar, um það. Eftir þessa hátíðlegu athöfn var svo komið að því að fá sér kaffi og meðlæti þar sem konur gátu spjallað saman, kynnst betur hver annarri og í sumum tilfellum rifjað upp gömul kynni. Að borðhaldi loknu fræddi María Ösp, leikskólastjóri á Barnabóli á Skagaströnd, fundarkonur um kynjauppeldi í leikskólum. Hún hafði, ásamt öðrum leikskólastjórnendum í Hjallastefnuskólum, verið með erindi á ráðstefnu um kynjauppeldi í skólum sem haldin var á Akureyri deginum áður. Var gerður góður rómur að erindi Maríu Aspar.



Þá var komið að því að kjósa stjórn í nýju deildinni. Gerð var tillaga um Jennýju Þórkötlun Magnúsdóttur Hvammstanga, Maríu Ösp Ómarsdóttur Skagaströnd, og Þorgerði Jóhannsdóttur og Kristínu G. Snæland, báðar á Sauðárkróki. Sú tillaga var einróma samþykkt. Undirrituð ætlar að taka að sér formennsku og minnst hún á að það skipti miklu máli fyrir okkur að vera góðar fyrirmyndir í stöfum okkar og eitt af því væri að taka þátt í góðu félagsstarfi eins og DKG.

Sigríður Guttormsdóttir færði svo nýju deildinni gestabók og rauðan dúk að gjöf frá féлага- og útbreiðslunefndinni og landssambandsforseta og Ingibjörg Jónasdóttir flutti kveðjur frá Gammadeild og færði deildinni fallega rós og bókina sem gefin var út á 20 ára afmæli landssambandsins. Eygló Björnsdóttir forseti lauk svo fundi með hvatningu til nýrra meðlima.

Ný stjórn mun boða til fyrsta fundar snemma næsta haust og er stjórnin full tilhlökkunar að hefja störf í hópi kröftugra kvenna.



## Orð til umhugsunar á stofnfundi Nýdeildar, 2. apríl 2017

Ingileif Ástvaldsdóttir, Mýdeild



Kæru systur í Nýdeild, til hamingju með daginn og velkomnar í Delta Kappa Gamma.

Ég heiti Ingileif Ástvaldsdóttir og er einn af stofnfélögum Mýdeildar, sem var stofnuð 26. apríl 2011. Við höfum fram til þessa því verið yngsta deildin innan Landssambandsins og leyft að haga okkur í samræmi við það. Í dag hefur sú staða breyst og við erum orðnar stóru systur, eins og hinar deildirnar. Með því að standa hérna finn ég strax að það er mikill munur.

Af því að það er hátíð hjá okkur í dag og aprílmánuður er tileinkaður ljóðlistinni vil ég byrja ávarp mitt á þremur erindum úr ljóði Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi *Þú sem eldinn átt í hjarta*.

Þú, sem eldinn átt í hjarta,  
óhikandi og djarfur gengur  
út í myrkrið ægisvarta  
eins og hetja og góður drengur.  
– Alltaf leggur bjarmann bjarta  
af brautryðjandans helgu glóð.  
Orð þín loga, allt þitt blóð;  
á undan ferðu og treður slóð.  
Þeir þurfa ekki um kulda að kvarta,  
sem kunna öll sín sólarljóð.

Langt á undan lýðnum þeysir.  
Ljóð þín ást og skelfing valda.  
Þú ert Hekla. Þú ert Geysir –  
þíðir snæ og jökla kalda.  
Frelsið þú úr læðing leysir,  
lífgar andleg þrotabú,  
milli heima byggir brú,  
boðar lýðnum nýja trú.  
Andanum þú eldborg reisir.  
– Ódauðlegur verður þú.

– Þú, sem eldinn átt í hjarta,  
yljar, lýsir, þó þú deyir.  
Vald þitt eykst og vonir skarta,  
verk þín tala, þótt þú þegir.  
Alltaf sjá menn bjarmann bjarta  
blika gegnum húmsins tjöld.  
Eldurinn hefur æðstu völd;  
uppskera hans er þúsundföld.  
Mannssálin og myrkrið svarta  
mundu án hans dauðaköld.

Ég var svo heppin að fá tækifæri til þess að sitja í fyrstu stjórn Mýdeildar ásamt Jennýju Guðbjörnsdóttur, þá starfsmanni við MSHA, sem var fyrsti formaður okkar, Önnu Guðmundsdóttur, þá aðstoðarskólalastjóra Hrafnagilsskóla, og Guðnýju Ólafsdóttur, kennara við Dalvíkurskóla. Stóra systir okkar á fyrstu skrefunum var Ingibjörg Auðunsdóttir úr Betadeild. Fyrstu verkefni stjórnarinnar voru að þetta hópinn og sjá til þess að konurnar, sem komu úr öllum áttum landfræðilega og af öllum sviðum fræðslustarfsins, kynntust og hefðu gagn og gaman af samverunni innan DKG.

Strax völdum við að skipta hópnum í umsjónarhópa sem hefðu umsjón með hverjum fundi. Þannig kynntust konurnar innbyrðis og báru sameiginlega ábyrgð á starfinu og fengu tilfinningu fyrir því hvað myndi þurfa til svo að starfið dafnaði. Okkur fannst líka mikilvægt að við pössuðum hver upp á aðra með því að vera til dæmis samferða á fundina, sérstaklega yfir dimmstu mánuðina, Við sáum að þær sem komu lengst að veigruðu sér við því að koma á fundi þegar færð og skyggni voru erfið. Það skiptir þess vegna miklu máli að huga að tímasetningu fundanna, frekar að hafa þá seinni partinn en á kvöldin og að hafa þá færri yfir árið frekar en að pína fram fjölda funda, bara til að ná miklum fjölda funda.

Það þarf líka að huga að því að innihald fundanna sé þannig að konur langi til að koma á fundina. Þeir þurfa að vera innihaldsríkir, notalegir og skemmtilegir. Við lögðum áherslu á að þeir yrðu ekki eins og hver annar saumaklúbbur og lögðum nokkuð upp úr því að á hverjum fundi yrði fræðsluerindi um áherslur hvers vetrar. Þrátt fyrir að við hefðum einsett okkur að vera ekki með mikið matarstand eða matarvesen á fundum hefur það nú orðið svo að við borðum saman einfalda máltíð á hverjum fundi. Það gefur rými fyrir óformlegt spjall og samveru. Það er mikilvægt að okkar mati.

Eftir á að hyggja tel ég að það hafi líka skipt okkur máli á fyrstu skrefunum að við lögðum mikið upp úr því að deildin „snerti“ félagskonur á milli funda. Til þess notuðum við Facebook-hóp deildarinnar sem við stofnuðum, mánaðarlegt rafrænt fréttabréf og verkefni sem við kölluðum Konfektíð. Í því skiptust konur á um að deila með okkur hinum molum um skemmtilegt og gott fræðslustarf með því að setja það inn á Facebook-hópinn, en því var síðan safnað saman í konfektikassa í fréttabréfinu og konfektiveislu á fundum. Í fréttabréfinu var líka alltaf kynning á einni af konunum, en það má líka gera sem stuttan dagskrárlið á fundum fyrstu áranna.

Af framansögðu má því segja að það sé í lagi að vera upptekin af sjálfum sér fyrstu eitt til tvö starfsárin og nota þau til finna fjölbreyttar leiðir til að styrkja hópinn félagslega og faglega ásamt því að efla kynnin innbyrðis. Það styrkir starf hans þegar fram í sækir.

Með því að starfa í DKG hef ég kynnst mörgum sterkum, skapandi og skemmtilegum konum. Ég hef heyrt af margs konar starfi, allt frá tilurð rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða til fræðslu um starfsemi safna og skólustarfs og nú síðast hlustað á fyrirlestur um hamingjuna. Þótt ég láti húsnæðisleysi deildarinnar fara reglulega í taugarnar á mér veit ég að án þess hefði ég ekki heimsótt jafnmarga og fjölbreytta fundarstaði; heimili, skógarrjóður, vinnustofur listamanna, skóla og stofnanir. Sennilega jafn margir staðir og fundirnir hafa verið margir á undanförunum næstum sex árum. Það er góð gjöf.

Samtök eins og DKG efla innbyrðis virðingu okkar fyrir eigin starfi og starfi annarra systra, hvort sem þær eru í samtökunum eða ekki. Samtökin eiga líka þátt í að auka virðingu og jákvæðni fyrir því sem vel er gert meðal kvenna og störfum þeirra í þágu fræðslumála. Það er hvatning til að halda áfram góðu starfi því fyrir það erum við í samtökunum. Allar brennum við fyrir málefniinu og það er sá eldur og sá áhugi sem tengir okkur saman. Fyrir það er ég þakklát og fyrir það óska ég ykkur til hamingju í dag, kæru systur í Nýdeild.



## Landsambandsþing 2017

### Jónína Eiríksdóttir, Deltadeild



DKG hélt landssambandsþing í Kvosinni, húsi Menntaskólans á Akureyri, 6.-7. maí 2017 með yfirskriftinni, „Forysta og faglegt lærdómssamfélag“. Þingið var vel sótt, um 80 konur voru mættar í Kvosina upp úr kl. 9 að morgni laugardagsins, þáðu kaffisopa og fengu afhent nafnspjöld. Öll formsatriði vegna greiðslu og skráningar höfðu verið afgreidd á netinu, svo að hálf tíminn fyrir setninguna var rólegur og notalegur.

#### Þingsetning

Eygló Björnsdóttir, forseti landssambandsins, hóf þingið, bauð konur velkomnar, sérstaklega fulltrúa alþjóðasambandsins og fyrrverandi forseta þess, Beverly Helms. Elínborg Sigurðardóttir kveikti á kertum vináttu, hjálpssemi og trúmennsku og fundarstjóri dagsins var tilnefndur, Sigríður Herdís Pálsdóttir, Zetadeild. Sigríður bauð ungum blómarósum að hefja dagskrána, fyrst lék ein þeirra á píanó og þá sungu tvær og léku á gítar.



#### Does DKG Leadership promote Learning Communities?

Beverly Helms sagði í ávarpi sínu frá helstu stoðum samtakanna og sögulegu samhengi. Einnig rakti hún í upphafi þá þætti sem einkenna lærdómssamfélag og spurði hvort DKG væri lærdómssamfélag í sjálfu sér og styddi við samfélög félaga sinna? Þar stefndu allir að sömu markmiðum, bæru sameiginlega ábyrgð, hver og einn hefði sín sérkenni, allir þekktust og ynnu gegnsætt að sama marki. Beverly hafði fyrir Íslandsferð sína sent 48 leiðtogum samtakanna spurningu um það hvort og á hvern hátt DKG efldi slík samfélög og rakti svör nokkurra þeirra í erindi sínu.

Gwen Simmons hafði vitnað í Peter Senge í svari sínu, en hann hvetur til rökrænnar hugsunar einstaklingsins, sem leitast við að losa tilfinningar frá málefnum og léti það ráða gerðum sínum við að setja sér markmið og nálgast þau. Þar vægi samvinna án samkeppni, hugmyndafræði sem samtökin væru byggð á og Annie Webb Blanton, stofnandi þeirra, hefði haft að leiðarljósi.

Dr. Lace Brogden frá Kanada hvatti konur samtakanna til að þroska eiginleika sína og krafta með því að leiða aðra, nýta leiðtogahæfileika sína. Þá væri einnig mikilvægt að miðla jákvæðum sögum af því sem vel væri gert og miðla gleði og ánægju yfir góðum árangri.

Að lokum hvatti Beverly íslenskar konur til að halda þeirri frjóu hugsun sem einkenndi samtökin hér og hefði losað um ýmsar þrengingar sem einkenndu samtökin vestanhafs.



#### Hreyfing

Margrét Jónsdóttir í Gamma lét ekki sitt eftir liggja frekar en fyrri daginn með hreyfingu á miðjum morgni, sem mæltist vel fyrir.

### **Þróun faglegrar forystu og lærdómssamfélags – hér og þar. Hlutdeild og hríslun**

Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri, hefur haft skólaþróun að viðfangi um langa hríð, forystu og starfshætti sem stuðla að námsaðlögun, virku námi og lærdómssamfélagi, starfendarannsóknir, teymiskennslu, samvinnu, félagastuðning, dreifða forystu og ígrundun. Hún greindi frá verkefni við að innleiða starfshætti lærdómssamfélags í skólum Akureyrar og nokkrum öðrum skólum í Eyjafirði í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar HA.

Birna María sagði meðal annars að með bættu lærdómssamfélagi ykist samvinna á milli stofnana og umbætur hrísluðust betur út á milli þeirra og litið væri heildstætt á námið. Innviðir skóla væru eflidir og það góða starf sem víða væri unnið viðhélidist þótt starfsmenn hyrfu á braut.

Til að þróa lærdómssamfélag þyrfti að hugsa saman, rannsaka saman, byggja upp nýja þekkingu, læra saman, vinna saman, taka forystu og frumkvæði, ekki bara tala, heldur líka vinna, sýna hlutdeild/skuldbindingu í verkefninu, læra af mistökunum og þora að mistakast.

Þá greindi Birna María frá fimm ára samstarfsverkefni við Gautaborgarháskóla (2012-2017). Megintilgangur þess var að bæta námsárangur, efla forystu til að auka færni skóla og sveitarfélaga til að bæta skólastarf og þekkja, meta og skilja innviði skóla. Birna María fékk að fylgjast með leshringjum þar sem gerð var áætlun um lesturinn fyrir eina önn í einu, fræðslustjórar stýrðu þessu, pöntuðu og keyptu bækur, drógu saman lesefni fundarins og skipulögðu vinnu í hópum eins og góðir bekkjarkennarar. Tekinn var út einn skóli, Ljungvíksskólan með 400 nemendum frá forskóla upp í 9. bekk, tvo stjórnendur og 55 fagmenntaða starfsmenn. Í skólanum var viðhöfð aldursblöndun og sveigjanlegur vinnutími. Árangur umbótastarfsins var: miklar breytingar á hugarfari og starfsháttum hjá skólastjórum, hríslun á skólaþróun til skólastjóra og starfsfólks skóla, námsárangur nemenda hefur þokast upp á við (fór fyrst niður á við), eftirsótt að starfa sem skólastjóri í Lerum en að öðru leyti stendur samfélagið ekki vel þarna.

Samantekt á samanburði hér í Eyjafirði og úti í Lerum leiddi eftirfarandi í ljós:

Hér eru verkferlar og viðmið ekki fyllilega skýr. Óljóst hver er ábyrgðar- og eftirfylgni-aðili. Leik- og grunnskóli aðskildir. Margt prófað en ekki fullreynt. Lítil tími ætlaður í vinnuna. Hlutdeild reyndist töluverð hjá stjórnendum en hríslun ekki augljós í skólum og aukinn námsárangur ekki staðfestur.

Í Lerum er afmörkuð formföst og skýr nálgun. Ljóst hver ber ábyrgð á verkefninu og fylgir því eftir. Unnið saman á milli skólastiga. Mikill tími ætlaður í vinnuna. Hlutdeild mikil og forysta hjá skólastjórnendum og hríslun greinileg. Aukinn námsárangur er staðfestur en mætti vera meiri.

### **Hugsjónir, fjölbreytni og árangur í skólastarfi**

Jóna Vilhelmina Héðinsdóttir, aðstoðarskólameistari við Menntaskólann á Tröllaskaga, rakti skólastarfið á Tröllaskaga frá því að skólinn var stofnaður fyrir sjö árum, eftir að framhaldsmenntun hafði verið lögð af á svæðinu. Byrjað var með hendur tómar en í dag hefur tekist að fjölga bæði staðnemendum og fjarnemendum og skólinn er vel sóttur og vel skipaður vel menntuðum kennurum. Snemma varð ljóst að skólinn yrði að marka sér sérstöðu og leiðarstefið hljóðaði upp á frumkvæði, sköpun og áræði. Dreifnám er ástundað enda leggur skólinn áherslu á að nota upplýsingatækni í skólastarfinu. Allir áfangar eru fjarkenndir, þó ekki útivist, sem leysist í staðlotum.





Athyglisvert er að nemendur í fjarnámi eru flestir úr Reykjavík (60%) og flestir staðnemar úr Dalvíkurbyggð. Staðnemar eru um 100 og fjarnemar um 240. Að erindi Jónu loknu var ákveðið að sleppa umræðum um dagskrá morgunsins og ganga til hádegisverðar á Icelandair-hótelinu. Kristín Jónsdóttir bað fundarkonur sem væru 45 ára eða yngri að koma til sín og svara spurningunum um af hverju þær væru í samtökunum og hvaða væntingar þær hefðu til þeirra. Svörin yrðu kynnt á Evrópuþinginu í Tallinn í sumar.

Eftir hádegisverðinn fluttu þrjár ungar stúlkur ljóð og síðan voru fleiri erindi á dagskrá.

### Eymennt, menntabúðir um upplýsingatækni í skólastarfi

Þá var komið að tveimur eldhressum kennurum við Brekkuskóla, Margréti Þóru Einarsdóttur og Helenu Sigurðardóttur, sem sögðu frá því hvernig upplýsingatæknin hefði haldið innreið sína í skólann. Þær stóllur líta á hana sem frábært kennslutæki, sem þurfi að skipuleggja vel og nýta á jákvæðan og hvetjandi hátt með nemendum. Þörf kennara fyrir að læra á tækin er mikil og menntabúðir Eypings um upplýsingatækni hafa reynt góður og þarfur kostur. Þar kemur fólk saman og miðlar þekkingu sinni. Þarna myndast sannkallað lærdómssamfélag með jafningjafræðslu, góðri samveru og tengslaneti kennara af öllum skólastigum. Fyrir nemendur þýðir þetta aukna fjölbreytni og tækifæri til náms. Fyrir lesblinda hafa opnast miklir möguleikar og nemendur geta orðið sjálfstæðari í vinnubrögðum, en hjálpartækin þurfa að vera aðgengileg öllum. Segja má að vakning hafi orðið um rafræna kennsluhætti, tækninni fleygir fram, líka í skólunum, og kallað er eftir fjölbreyttari kennsluháttum og námsaðlögun. Öllu þessu töldu Margrét Þóra og Helena að menntabúðir Eypings svörðu og hefðu hvetjandi áhrif á kennara, sem kenndu nemendum sínum til framtíðar, ekki fortíðar.



### Að taka þátt í lærdómssamfélagi skólastjórnenda

Björg Sigurvinsdóttir, leikskólastjóri á Akureyri, rakti jákvæða reynslu sína af því starfi sem unnið er með skólastjórnendum á Akureyri. Þar er lögð áhersla á heimspeki, samræður til náms, hreyfingu og heilsu, jafnrétti kynjanna og skólafærni svo eitthvað sé talið. Björg er skólastjóri á Lundaseli þar sem einkunnarorðin eru *Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman*, og lýsa þau vel í hvaða átt er horft í starfi skólans. Þar er símenntunaráætlun með námskeiðum sem skipulögð eru fyrir alla starfsmenn skólans. Allir stjórnendur bæjarins njóta mikillar og góðrar fræðslu, til dæmis í leiðtoga-færni, markþjálfun, orkustjórnun, samtalstækni, um erfið starfsmannamál, núvitund, breytingaferli og samskipti. Reynt er að innleiða hómur í stjórnun þar sem hugað er að streitu og vellíðan í starfi. Björg sagðist vera afar þakklát fyrir allt þetta góða starf, sem hún efaðist ekki um að skilaði sér til skjólstæðinganna, barnanna, og að þetta lærdómssamfélag tæki á því sem verið væri að gera og ynni í sameiningu að því að greina starfið og bæta það.



### Menningargönguferð og móttaka Akureyrarbæjar

Að lokinni fræðilegri dagskrá var ákveðið eins og fyrr um daginn að hafa ekki umræður um erindi dagsins, heldur var lagt af stað í göngu frá Menntaskólanum í gegnum Lystigarðinn og um Innbæinn. Stoppað var við ýmis þekkt hús. Þá var tekið hús á Kristínu Aðalsteinsdóttur, sem þarna býr og hefur gert upp hús með myndarbrag og byggt við það. Hún sagði hópnum frá bók sinni um íbúa Aðalstrætis, sem nú væri að koma út með myndum og viðtölum við íbúana, sem hún hefur tekið sjálf.



Næst var gengið að húsi Listakonunnar í fjörunni, Elísabetar Geirmundsdóttur (1915–1959), og þar sagði sonur hennar okkur frá þessari merku listakonu. Í garðinum gaf að líta fallegar styttur eftir hana og víðar á Akureyri má finna listaverkin. Akureyrarbær bauð síðan til móttöku í Ketilhúsinu, sem Soffía Vagnsdóttir fræðslustjóri stýrði.

### Hátíðarkvöldverður

Um kvöldið var hátíðarkvöldverður á Icelandair-hótelinu. Ljúffengur matur mjög, tónlist og skemmtiatriði deildanna. Mikið var hlegið, sungið og spjallað. Tvær konur fengu viðurkenningu fyrir störf sín fyrir DKG á Íslandi. Það voru þær Áslaug Brynjólfsdóttir, Alfadeild, og Sigrún Jóhannesdóttir, Deltadeild. Áslaug hafði ekki treyst sér norður en Bryndís E. Guðmundsdóttir tók við viðurkenningunni úr hendi forsetans, skjali, rauðu rósinni og fallegum skartgrip, sem hannaður hefur verið fyrir samtökin hér á Íslandi. Eygló Björnsdóttir fór nokkrum orðum um elju þessara merku kvenna og óeingingjarnt starf og Sigrún þakkaði fyrir þennan mikla heiður, sem sér þætti mjög vænt um. Um klukkan 23 voru allar konur á leið heim í svefninn eftir ljómandi og ríkulegan dag.







## Frá Eyjafjarðarsveit til New Jersey, Akureyrar, Húsavíkur, Reykjavíkur, San Diego, Snæfellsness, Barcelona og ...

**Aníta Jónsdóttir, formaður Betadeildar**



Það var árið 2010 sem urðu töluverð straumhvörf í lífi mínu og starfsframa. Ég starfaði þá við Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit og ákveðið hafði verið að innleiða *Jákvæðan aga* (e. Positive Discipline) við skólann. Karl Frímansson, þáverandi skólastjóri, gaf mér það mikilsverða tækifæri að sækja námskeið í Jákvæðum aga sem haldið var í New Jersey í Bandaríkjunum. Námskeiðið sótti ég ásamt sjö öðrum kennurum og skólastjórum og steig mín fyrstu skref í Jákvæðum aga, sem síðan þá hefur verið órjúfanlegur þáttur í lífi mínu og starfi. Ég hef sótt fleiri námskeið í Jákvæðum aga og tvær ráðstefnur, auk þess sem ég hef haldið námskeið fyrir kennara og starfsfólk í skólum og fyrir foreldra. Ferðalag mitt með Jákvæðum aga hófst í Eyjafjarðarsveit og hefur leitt mig víða um land og út fyrir landsteinana. Hér verður sagt frá ferð minni til Barcelona, en þangað fór ég til þess að taka þátt í fyrstu Evrópuráðstefnunni um Jákvæðan aga. Ég sótti ráðstefnuna með styrk frá Lucile Cornetet-sjóði DKG, sem ég er afar þakklát fyrir að hafa fengið.



Fyrsta Evrópuráðstefna samtaka um Jákvæðan aga var stórmerkilegur viðburður og endurspeglar vel útbreiðslu Jákvæðs aga utan Bandaríkjanna. Ráðstefnuna sóttu 130 manns frá 24 löndum, þar af voru 13 fulltrúar frá Íslandi. Kennarar og skólastjórar frá Leikskólanum Grænuvöllum á Húsavík, Leikskólanum Naustatjörn á Akureyri, Naustaskóla á Akureyri og Hörðuvalla-skóla í Reykjavík.



Vinátta, gleði og sameiginlegur áhugi ráðstefnugesta á að skapa tengsl byggð á grunnildum Jákvæðs aga – gagnkvæmri virðingu – einkenndi ráðstefnuna, sem hófst seinnipart föstudagsins 17. mars. Þátttakendum hafði verið skipt í hópa, svokallaða fjölskylduhópa sem áttu eftir að hittast reglulega alla ráðstefnudagana til þess að vinna saman ýmiss konar verkefni.

Fyrsta verkefni fjölskylduhópanna var að hver fjölskyldumeðlimur kynnti sig, sagði hvaðan hann kom og af hverju hann tæki þátt í ráðstefnunni. Þá átti hópurnir að finna sameiginlegt einkenni allra í hópnum og velja nafn á hópinn út frá því. Í mínum hópi voru konur frá Íslandi, Kína, Bandaríkjunum, Kólumbíu og Frakklandi og komust við að því að allar vorum við einstaklega hrifnar af kaffi og því fékk hópurnir nafnið Coffee Connects Countries. Það var yndislegt að kynnast þessum góðu konum sem nú hafa bundist vináttuböndum.



Að kvöldi fyrsta ráðstefnudagsins var hátíðarkvöldverður og móttaka í skólanum þar sem ráðstefnan var haldin. Skólinn heitir JESUITES Sarria og er stórmerkilegur fyrir þær sakir að hann sækja nemendur frá 2ja ára aldri til 17 ára framhaldsskólanema sem stunda meðal annars nám á matvæla- og þjónabrotum.



Þessu kvöldi höfðu þeir nemendur einmitt beðið eftir í langan tíma. Undanfarna fjóra mánuði höfðu þeir verið að undirbúa kvöldið, ákveða matseðil, prófa sig áfram með matseldina og æfa sig í framreiðslu. Og árangurinn lét ekki á sér standa, fjölbreyttir og gómsætir tapasréttir voru bornir fram með glæsibrag og stolti þeirra sem höfðu lagt svo mikið á sig fyrir kvöldið.

Laugardaginn 18. mars hófst dagskráin snemma að morgni og var býsna þétt fram til kvölds. Þó gafst sólpýrstum Íslendingum færi á að að sóla sig örlítið í hádegshléi í garði skólans ásamt skjaldböfum sem höfðust við í lítilli tjörn þar hjá.

Á ráðstefnunni voru mismunandi málstofur sem þátttakendur gátu valið um. Í hverri málstofu var farið yfir æfingar sem tengjast hugmyndafræði Jákvæðs aga. Æfingarnar byggja allar á þátttöku í hlutverkaleikjum og umræðum, auk þess sem veitt var endurgjöf til þess kennara sem leiðir málstofuna. Þetta er gríðarlega lærdómsríkt og eflir innsýn og skilning þeirra sem taka þátt í málstofunum og kenna Jákvæðan aga. Auk málstofanna eru tímar sem allir þátttakendur sækja og þá er gjarnan hópefli og fundir í fjölskyldunum.

## Positive Discipline

Creating Respectful Relationships in Homes and Schools

Dr. Jane Nelsen, guðmóðir Jákvæðs aga, tók þátt í ráðstefnunni af fullum krafti. Það væri nú kannski ekki í frásögur færandi nema fyrir þá staðreynd að hún fagnaði áttæðisafmæli sínu á dögnum. Jane er höfundur margra bóka um Jákvæðan aga og hún ferðast um allan heim til þess að halda námskeið og fyrirlestra um hugðarefni sitt – Jákvæðan aga. Þessi öflug kona er einstaklega góð fyrirmynd sem útbreiðir boðskap góðvildar og gagnkvæmrar virðingar í samskiptum. Ég hef verið þeirrar gæfu aðnjótandi að kynnast Jane og mér þykir undurvænt um hana.

Ráðstefnunni lauk síðdegis á sunnudegi eftir lærdómsríka helgi þar sem ný tengsl höfðu verið mynduð og eldri vináttubönd treyst. Það hef ég lært á undanförunum árum eftir að hafa sótt námskeið og ráðstefnur í Jákvæðum aga að nauðsynlegt er að hafa bréfpurrku meðferðis á kveðjustund. Það er alveg öruggt að nokkur tár trítla niður kinn þegar góðir vinir eru kvaddir. Tár sem fyrst og fremst tákna þakklæti, gleði og vináttu. En kveðjustund fylgir einnig tilhlökkun til næstu endurfunda, sem verða án vafa innan tíðar.

Evrópuráðstefna um Jákvæðan aga hefur fest sig í sessi og verður væntanlega haldin í París 2018. Þangað stefni ég á að fara og halda þannig áfram ferðalagi mínu sem hófst í Eyjafjarðarsveitinni og leiðir mig stöðugt á vit nýrra ævintýra heima og heiman.





## Örlítið um Jákvæðan aga og Lucile Cornetet-styrkinn



Jákvæður agi er lífsleikni- og agastefna sem þróuð er af dr. Jane Nelsen og byggir á kenningum Alfred Adler og Rudolf Dreikurs. Jákvæður agi byggir á leiðandi uppeldisaðferðum sem einkennast af góðvild og festu. Mikil áhersla er lögð á gagnkvæma virðingu í samskiptum, lausnaleit og hvatningu. Með Jákvæðum aga er ábyrgðarkennd barna og unglunga eflað og samvinna er í hávegum höfð.

Lucile Cornetet-styrkurinn á vegum Delta Kappa Gamma Educational Foundation styrkir meðal annars konur sem vinna í fræðslustörfum til þess að sækja ráðstefnur og aðra viðburði sem tengjast menntun, utan einingarbærra námskeiða í háskólanámi.



Aníta Jónsdóttir

## Fréttamolar frá deildum

### Alfa



Haldnir hafa verið tveir fundir á árinu 2017. Fyrri fundurinn var haldinn í Söngskólanum í Reykjavík 14. febrúar, þar sem Garðar Cortes skólastjóri bauð félagskonur velkomnar og gat þess að Ásta Valdimarsdóttir, félagskona í Alfadeild, væri gamall nemandi skólans. Ásrún Davíðsdóttir, aðstoðar-skólastjóri, flutti mjög áhugavert erindi um skólann og starfsemi hans og er ljóst að Garðar Cortes og samstarfsfólk hans hafa lyft grettistaki með stofnun og rekstri Söngskólans. Nemendur sem brautskrást úr skólanum eiga opna leið inn í tónlistarháskóla víða erlendis og margir hafa fengið lof fyrir dugnað og atgervi. Nokkrir nemendur úr óperuhópi nemenda sungu tvo kafla úr Töfraflautunni eftir Mozart og fengu dynjandi lófaklapp í þakklætiskyni. Ásta Valdimarsdóttir fór með orð til umhugsunar og fjallaði um gildi tónlistar og tónlistarnáms, sem var mjög í anda heimsóknarinnar.

Undir liðnum önnur mál fór formaður yfir tilkynningar frá landsambandinu, ýmsa umsóknarfresti, skýrslur sem hafa verið birtar, nýja vefi og aðgang að vefjum DKG ásamt upplýsingum um landssambandsþingið í byrjun maí.



Annar fundur ársins var haldinn í Fjölbautaskólanum í Breiðholti 5. apríl. Eftir stutta kynningu af hálfu skólameistara og tveggja fagstjóra var farin kynnisferð um skólann, sem er rúmgóður, bjartur og ákaflega snyrtilegur. Litið var inn í ýmsar deildir, sem voru vel búnar tækjum og tólum til kennslu í hinum ýmsu verklegu greinum. Agi og hreinlæti er greinilega í fyrirrúmi á snyrtibrautinni, sem fagstjóri kynnti. Litið var inn í kennslustofur í húsasmiða- og rafvirkjadeild og textíleild. Staldráð var við í kennslustund á sjúkraliðabraut og sýndi kennarinn okkur verklegu aðstöðuna. Verkefnisstjóri Fab Lab Reykjavíkur útskýrði námið og sýndi ótal tæki og tölur sem hægt er að láta vinna alls konar flókin verk. Fab Lab er stytting á enska orðinu fabrication laboratory – á íslensku stafræn smiðja – sem er þátttakandi í alþjóðlegu Fab Lab-samstarfsneti.

### Alfa

Alfadeildin, fyrsta deild DKG  
samtakanna á Íslandi,  
var stofnuð  
7. nóvember 1975  
í Reykjavík.



Eftir mjög áhugaverða skoðunarferð um skólann og deildir hans hófst fundurinn á ný. Kveikt var á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi og síðan var snæddur ljúffengur málsverður sem kokkur skólans matreiddi fyrir hópinn.

Undir borðhaldi voru tekin til umræðu eftirfarandi málefni: Tillögur að félagskonum úr Alfadeild í ýmsar nefndir á vegum landssambandsins.

Hugmyndir um fundaðefni og fundarform vegna funda næsta vetur. Undir þessum lið var einnig rætt um mætingar á fundi og leiðir til að efla fundarsókn.

Inntaka nýrra félagskvenna var rædd og meðal annars að skoða samsetningu hópsins. Fram komu tillögur að nýjum félagskonum sem stjórn mun vinna með á næsta starfsári.

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, formaður.



## Kappa



Fyrsti fundur Kappadeildar á árinu 2017 var bókafundur haldinn miðvikudaginn 18. janúar á heimili Erlu Guðjónsdóttur á Álftanesi.

Anna G. Hugadóttir sagði frá bókinni „Ljós móðirin“ eftir Eyrúnu Ingadóttur, en þetta er söguleg skáldsaga og segir sögu Þórdísar Símonardóttur, ljósmóður á Eyrarbakka, á árunum í kringum aldamótin 1900.

Herdís Anna Friðfinnsdóttir sagði frá barnabókinni „Vikkala Sól og hamingjukrúsin“ eftir Kristínu Margréti Kristmannsdóttur og Herdís Björk Þórðardóttur. Áður en Herdís Anna hóf kynninguna lét hún okkur skrifa á miða það sem vekur okkur gleði og hamingju og við settum miðana í krús. Bókin minnti okkur á að hamingjan er allt í kring og að við eigum að horfa á það sem er jákvætt.



Hulda Anna Arnljótsdóttir kynnti þar á eftir bókina „Tvisaga“ eftir Ásdísi Höllu Bragadóttur. Þetta er fjölskyldusaga Ásdísar Höllu, sem ólst upp við ótrúlega erfiðar aðstæður. Auk þess að segja okkur af uppeldi og ævi Ásdísar Höllu og hvernig hún braust út úr þessum aðstæðum skoðaði hún bókina út frá félagslegri arfleifð, hversu illa var farið með minnimáttar og konur í mjög svo stéttskiptu samfélagi. Skólinn var bjargvættur Ásdísar Höllu og henni tekst að rjúfa þessa félagslegu arfleifð.

Að lokum kynnti Linda Hrönn Helgadóttir bók eftir Andra Snæ Magnason, „Love Star“. Þetta er áhugaverð vísindaskáldsaga sem kom út 2002 og virðist margt orðið að veruleika sem skrifað var um í bókinni sem þótti framúrstefnulegt þegar hún kom út. Í bókinni er búið að markaðssetja allt og allt er til sölu. Fundurinn var vel sóttur að vanda og gerður góður rómur að bókakynningunum.



Annar fundur í Kappadeildinni var haldinn þriðjudaginn 14. febrúar í húsnæði Starfsmenntar að Skipholti 50b í Reykjavík. Á þeim fundi var Anna S. Einarsdóttir með orð til umhugsunar og sagði á mjög skemmtilegan hátt frá viðureign sinni við mýs í sumarbústaðnum sínum. Herdís Anna Friðfinnsdóttir sagði frá því hvernig hún kynntist markþjálfun og hvernig hún hefði nýtt sér markþjálfun í lífi og starfi. Einnig leiddi hún Kappasystur í að gera draumakort til að setja á blað drauma sína og þrjár. Nokkrar Kappasystur buðust til að segja frá sínum kortum og deila væntingum sínum og löngunum með hópnum. Boðið var upp á mat frá eþíópíska staðnum Tení sem tvö systkini frá Eþíópíu reka. Þau sögðu okkur aðeins frá réttunum sem þau komu með og reyndist maturinn afar ljúffengur þótt aðeins framandi væri.



Þriðji fundur starfsársins var haldinn 6. apríl kl. 18-20 í húsi Menntavísindasviðs HÍ. Byrjað var með hefðbundnum hætti með nafnakalli og fundargerð síðasta fundar lesin. En í stað Orða til umhugsunar var boðið upp á ljóðalestur upprennandi ljóðskálda, sem voru tveir nemendur úr 5. bekk Norðlingaskóla sem lásu ljóð úr útkominni ljóðabók. Auk þess að semja ljóð um lífið og tilveruna höfðu þær einnig samið ljóð hver til annarrar og sungu eitt ljóðið við eigið lag. Aðalrindi fundarins fjallaði um sögu íslensku lopapeysunnar, en Ásdís Jóelsdóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ, hefur sérstaklega kynnt sér þessa áhugaverðu sögu og skrifað um hana bók. Ásdísi tókst á áhugaverðan hátt að tengja sögu lopapeysunnar við atvinnusögu þjóðarinnar og sögu kvenna í landinu. Margt kom fram sem konur könnuðust við úr eigin lífi en einnig kom margt á óvart.



Fjórði og síðast fundur starfsársins verður fimmtudaginn 18. maí og verður þá haldið á Laugarvatn í tilefni af tíu ára afmæli deildarinnar. Stefnt er að því að snæða saman á veitingastaðnum Lindinni og njóta staðarins. Anna S. Einarsdóttir Kappasystir býður okkur í heimsókn í sumarbústaðinn sinn í nágrenni Laugarvatns en engum músum hefur verið boðið að þessu sinni. Kappasystur hafa gjarnan notið útiveru á vorkundi sínum og gengið saman í guðsgrænni náttúrunni og ekki látið á sig fá þótt rigni nánast eldi og brennisteini. Verður sá háttur vonandi einnig hafður á nú.

Guðrún Edda Bentsdóttir, formaður



### Kappa

Kappadeild var stofnuð  
28. mars 2007.  
Í henni eru konur af  
höfuðborgarsvæðinu.



## Beta



Árið 2017 er merkisár í sögu Beta þar sem 2. júní verða liðin 40 ár frá stofnun deildarinnar. Við teljum deildina bera aldurinn vel og starfið er blómlegt. Vetrarstarfið er í nokkuð föstum skorðum og byggir á hefðum sem mótast hafa á þeim fjörutíu árum sem deildin hefur starfað. Á haustönn sér stjórn um að skipuleggja og halda utan um fundi deildarinnar en eftir áramót taka við undirbúningshópar félagskvenna sem sjá um skipulagningu og utanumhald funda vorannar. Á þessu starfstímabili höfum við það að markmiði og leiðarljósi að efla innri auð félagskvenna og að kynnst þeim auði, styrk og þekkingu sem er að finna meðal kvenna í Betadeild.



Að venju hófum við starfið á nýju ári með bóka fundi í heimahúsi þar sem ræddar voru ýmsar áhugaverðar bækur af ólíkum toga. Venjan er að velja tvær af þeim bókum sem ræddar eru á bóka fundi í janúar til þess að kryfja til mergjar í leshring sem haldinn er í mars og er sá fundur óformlegur og haldinn á veitingahúsi. Í ár völdum við bækurnar þar sem fjórir vegir mætast eftir finnska höfundinn Tommi Kinnunen og Svartalogn eftir Kristínu Mörju Baldursdóttur.

Á febrúarfundi sagði Erna Gunnarsdóttir, Betakona og enskukennari í VMA, okkur frá því hvernig hún nýtti námsleyfi sitt veturinn 2014-2015. Hún dvaldi í London á haustönninni þar sem hún kynnti sér óhefðbundnar kennsluáðferðir með það fyrir augum að efla sig í því að ná til þeirra nemenda sem eiga erfitt með að fóta sig í hefðbundnu bóklegu námi og eru í brottfallshættu. Erindi Ernu var fróðlegt og veitti hún innsýn í skólamenningu og skólastarf í Lundúnaborg í máli og myndum.

### Beta

Betadeild var stofnuð  
2. júní 1977.  
Í henni eru konur  
frá Akureyri og nágrenni.

Aprílfundurinn var haldinn í Háskólanum á Akureyri. Þar flutti Eiríkur Stephensen, skólastjóri Tónlistarskóla Eyjafjarðar, áhugavert erindi um skarðan hlut kvenna í tónlistarsögu heimsins. Mannkynssagan fjallar aðallega um karla og þar er tónlistarsagan engin undantekning. Eftir að hafa hlýtt á erindi Eiríks og tónðæmi opnaðist ný sýn á sögu kvenna í tónlistarsögunni.

Betakonur hlakka til þess að taka á móti DKG systur á Landssambandsþinginu á Akureyri 6. og 7. maí og að því loknu tekur við undirbúningur lokafundar þar sem við tökum inn nýjar Betasystur.





Á afmælisárum Betadeildar, sem standa á heilum og hálfum tug, er hefð fyrir því að veita norðlenskri konu heiðursviðurkenningu. Á 20 ára afmæli deildarinnar árið 1997 var ákveðið að heiðra konu á starfssvæðinu sem lagt hefði sitt af mörkum til fræðslu-, mennta- og/eða menningarmála. Heiðursviðurkenningar hafa frá þeim tíma verið veittar á afmælisárum á fimm ára fresti. Þær hljóta konur sem ekki eru félagar í DKG en starfa á starfssvæði Betadeildar að fræðslu-, mennta- og/eða menningarmálum. Nú þegar hafa eftirfarandi fjórar konur verið heiðraðar: Kristín Aðalsteinsdóttir 1997, Magnea frá Kleifum 2002, Heiðís Norðfjörð 2007 og Rósa Eggertsdóttir 2012.



Á Akureyri hillir nú undir vorið og við horfum með gleði og tilhlökkun til komandi samverustunda og spennandi verkefna Betadeildar. Allt er fertugum fært.

Fríða Pétursdóttir, ritari Betadeildar



## Lambda

### Lambda

Lambdadeild var stofnuð  
í Reykjavík  
28. október 2010.

Konur í Lambdadeild hittust í Setbergsskóla 13. mars ásamt gestum og var vel mætt á fundinn. Eftir að hafa notið góðra veitinga var orðið látið ganga og konur kynntu sig. Gerður setti fundinn og kveikti á kertum og kynnti Elínu Jónasdóttur, sálfræðing og kennara, sem hélt fyrir okkur erindi um gagnkvæma handleiðslu. Elín hefur haldið námskeið um handleiðslu fyrir kennara og fleiri starfshópa frá árinu 1996. Hún sagði okkur frá kenningum sem að baki liggja og hversu mikilvægt er að samningur sé gerður um handleiðsluna sem allir þátttakendur samþykkja, um innihald, umgjörð og tímalengd funda. Gagnkvæm handleiðsla er ráðgefandi milli jafningja í sambærilegri stöðu. Alger trúnaður þarf að ríkja í hópnum og allir skiptast á að bera upp mál og vera handleiðarar. Elínu var þakkað fyrir áhugaverða og gagnlega fræðslu um handleiðslu sem nýtist öllum í uppeldisstörfum.

Áætlað er að taka inn nýjar félagskonur í Lambdadeild nú á vordögum og hefur verið leitað eftir tillögum frá konum í deildinni og leitað samráðs um þær tillögur sem fram eru komnar. Stjórnin hittist nú í maí til að ganga frá tillögum um nýja meðlimi.

Gerður Magnúsdóttir, formaður





## Peta



Fyrsti fundur vorannar, bókafundurinn, var haldinn 23. janúar 2017 í Duushúsum. Erla Guðmundsdóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði um hjartað og hjartsláttinn í sinni víðustu mynd. Hjartsláttinn innra með okkur og hjartslátt samfélagsins. Undir liðnum deildarkonur kynna sig var það Valgerður Guðmundsdóttir sem kynnti sig. Hún sagði frá uppruna sínum og æsku, menntun, fjölskyldu og starfi. Gerður Kristný rithöfundur var gestur fundarins og sagði frá sér og bókum sínum. Gerður hreif gesti fundarins með sér með skemmtilegum frásögnum og upplestri úr bókum sínum, en hún hefur gefið út 25 bækur, þar á meðal fjölda ljóðabóka, barnabækur, viðtalsbók og skáldsögur.



Fundur númer tvö var haldinn 20. febrúar 2017 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og var það Gerður Pétursdóttir, formaður Þetadeildar, sem bauð í heimsókn á vinnustað sinn, Isavia. Halldóra Magnúsdóttir var með orð til umhugsunar og velti fyrir sér hugtakinu tækifæri, sem hefur jákvæða merkingu í íslensku máli. Það er misjafnt hvað við gerum við tækifæri lífsins, við viljum fá tækifæri og óskum öðrum þess sama. Félagsskapurinn okkar, Delta Kappa Gamma, gefur okkur tækifæri til að fræðast, hlusta og styðja hver aðra. Deildarkonan sem kynnti sig var Sigrún Ásta Jónsdóttir, safnstjóri Byggðasafns Reykjanesbæjar. Hún sagði frá uppvaxtarárunum í Búðardal, námi sínu og menntun og störfum. Næst tók tók til máls Gerður Pétursdóttir og kynnti fyrirtækið Isavia, þar sem hún gegnir stöðu fræðslustjóra. Fræðslumál hjá fyrirtækinu eru mjög umfangsmikil, og spennandi fyrir félagskonur að fá innsýn í hinn mikla vöxt sem hefur verið á Keflavíkurflugvelli síðustu ár. Með Gerði var Lóa B. Gestsdóttir, námsbrautarstjóri á Flugverndarbraut, sem er ein námsbrauta Isaviaskólans. Hún kynnti meðal annars þjálfunarleiðir og uppbyggingu á þjálfun starfsmanna í vopna- og öryggisleit.



Þriðji fundur vorannar var haldinn 27. mars á Bókasafni Reykjanesbæjar. Kristín Helgadóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði um aldur og hve afstæður hann er. Lára Guðmundsdóttir, félagskona og fyrsti formaður Þetadeildar, kynnti sig og sagði frá uppruna sínum og æsku, menntun, fjölskyldu og starfi. Gestur fundarins var Kriselle Lou Suson Cagatin, MA-nemi í uppeldis- og menntunarfræðum með áherslu á lýðræði, jafnrétti og fjölmenningu. Kriselle sagði frá fjölmenningarstarfi leikskólans Akurs, en leikskólinn fékk styrk úr Sprotasjóði til að þróa það. Einnig sagði hún okkur frá meistararitgerð sem hún er að vinna að. Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja tungumálafjölbreytni barna með tilliti til uppruna, reynslu og málumhverfis og meðal annars að skoða hvort tengsl séu á milli tungumálafjölbreytni fjölskyldna og hljóðkerfisvitundar tví- og fjöltyngdra barna.

Vorferð Þetadeildar var farin 24. apríl og lá leiðin á Eyrarbakka. Við heimsóttum þau heiðurshjón Valgeir Guðjónsson og Ástu K. Ragnarsdóttur í Bakkastofu. Ferðin var hin skemmtilegasta, Ásta sagði sögur og Valgeir skemmti hópnum með söng og gamanmálum. Í boði var humarsúpa frá Rauða húsinu og brauð. Skemmtileg samvera í fallegu umhverfi.

Mikill kraftur er í Þetakonum og vetrardagskráin hefur verið fjölbreytt og fræðandi. Stjórn mun funda strax eftir vorþingin og leggja drög að dagskrá næsta vetrar.

Gerður Pétursdóttir formaður og Sigurlína Jónasdóttir ritari

### Peta

Þetadeild  
var stofnuð  
26. nóvember 1998.  
Petasystur eru frá  
Suðurnesjum.

## Gamma



Gammadeildin kom saman að nýju 10. janúar og undirbúningur fyrir þennan fund hófst í raun á jólafundinum. Þar drógu félagskonur úr potti nöfn tveggja nýrra jólabóka því ákveðið hafði verið að á janúarfundinum yrði fjallað um þessar bækur. Janúarfundurinn bar yfirskriftina „jólabókaflóðið“ og nú skyldi fjallað um bókina Hestvík eftir Gerði Kristnýju og bókina Villisumar eftir Guðmund Óskarsson. Á fundinum var því skipt upp í tvo hópa og sköpuðust miklar og skemmtilegar umræður og hópurinn kom síðan saman í lokin og gerði grein fyrir sínum umræðum. Þegar rúmlega 30 konur hittast og ræða um bókmenntir lifnar nú heldur yfir samkomunni! Fundurinn var haldinn heima hjá Ingibjörgu Jónasdóttur, en þar hentar húsnæðið mjög vel til að skipta höpnum í tvennt.

Næstu tveir fundir voru svo haldnir í Setbergsskóla. Þar er María Pálmadóttir skólastjóri, en hún er varaformaður Gammadeildar. Á þeim fyrri, hinn 8. febrúar, var Renata Emilsson Peskova gestur fundarins, en hún er formaður félagsins Móðurmál. Mjög góður rómur var gerður að fyrirlestri hennar og féll umræðan einkar vel að yfirskrift vetrarins, sem er „**Hvað vitum við um móttöku fólks af erlendu bergi og hvernig viljum við að staðið sé að þessum málaflokki?**“

Marsfundurinn var einnig haldinn í Setbergsskóla, en þar bauð skólastjóri upp á glæsilegar veitingar. Gestur fundarins var Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnisstjóri fjölmennningar hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur. Erindið vakti margar spurningar og sköpuðust því skemmtilegar umræður.

Í apríl lá leiðin í Ársel, sem er félagsmiðstöð ungmenna á Árbæjarsvæði Reykjavíkurborgar. Þar er staðarhaldari Bjarni Þórðarson, en stjórnin hafði heyrt um spennandi verkefni sem nemendahópur undir hans stjórn væri að vinna að einmitt í anda yfirskriftar Gammadeildar þetta árið. Þarna mættu næstum allar Gammasystur og tók Bjarni á móti okkur með 10 manna hóp ungmenna sem hafði undirbúið fundinn mjög vel. Þau sögðu okkur frá því hvernig þau hefðu tekið frumkvæði á ýmsum sviðum, m.a. rætt við skólastjórnendur, kennara og nemendaráð Árbæjarskóla um hvað mætti gera betur þegar nemendur af erlendu bergi hæfa nám í skólanum. Félagsmiðstöðin er líka í góðu samstarfi við hverfamiðstöðina. Ánægjulegt er að finna hvað frumkvæði unga fólksins var að skila miklu og virkilega til eftirbreytni.

### Gamma

Gammadeild var stofnuð 5. júní 1977. Í henni eru konur frá Reykjavík og nágrenni.



Starfið í vetur hefur gengið mjög vel, haldnir níu fundir í deildinni og mæting einstaklega góð. Þá stendur deildin fyrir rútuferð á landssambandsþingið og býður öðrum deildum far svo það eru 30 konur sem skella sér í þessari rútu norður. Ekki liggur alveg ljóst fyrir hversu margar Gammasystur sækja Evrópuþingið en vitað er um tvær nú þegar.

Í lokin er rétt að geta þess að á vorönn voru kynntar fimm nýjar konur sem tilvonandi félagar í Gammdeild og hefur verið samþykkt að bjóða þeim á afmælishátíðina en formleg inntaka verður síðan á haustdögum.

Við sendum systrakveðju til annarra deilda og óskum ykkur alls hins besta á komandi sumri.

F. h. Gammadeildar  
Ingibjörg Einarsdóttir, formaður



## Eta



Fyrsti fundur vormisseris var haldinn í Hannesarholti fimmtudaginn 26. janúar. Segja má að þema fundarins hafi verið samskipti og tengsl. Etakonur hafa stundum haft á orði að of fá tækifæri gefist til samræðna vegna þéttskipaðrar dagskrár á fundum. Í þetta sinn var spjallað við kertaljós undir seiðandi harmonikkutónlist Eyrúnar Í. Gísladóttur og Guðnýjar K. Erlingsdóttur. Orð til umhugsunar voru í tónum og tali í höndum Eyrúnar. Hún lagði út frá samspili texta og tóna, hvernig hvort um sig hefði áhrif, saman og eitt sér. Í notalegu umhverfi nutum við samveru. Að loknum fundi gafst kostur á að njóta frásagnarlistar Einars Kárasonar í Hljóðbergi, á neðri hæð hússins.



Næsti fundur var haldinn fimmtudaginn 16. Mars, einnig í Hannesarholti. Á dagskrá var erindi Guðrúnar Ingólfadóttur bókmenntafræðings um bók hennar *Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellíngar*. Þar er lýst sambúð bóka og íslenskra kvenna á miðöldum og er fjársjóður um kvennasögu og kvennamenningu. Áhugaverð umfjöllun kallaði á spurningar og góðar umræður. Orð til umhugsunar voru í höndum Guðrúnar Hrefnu, sem kynnti menntaverkefni í Kólumbíu sem hún hefur kynnst og hrifist af. Um er að ræða börn sem njóta takmarkaðra eða engra menntunartækifæra og unnið er með í gegnum listsköpun og tjáningu. Nokkrar umræður urðu í hópnem og ef til vill er þarna verkefni til að sameinast um að styrkja. Að loknum fundi bauðst konum að hlýða á dagskrá í Hljóðbergi, Heilsuspjall um heilahreysti, sem einhverjar nýttu sér en aðrar héldu til síns heima.



Lokafundur þessa starfsárs er á dagskrá 9. maí og þar verður umfjöllun um hamingjuna. Etadeild á tuttugu ára starfsafmæli í júní. Fyrir tíu árum fórum við í mikla naflaskoðun og stefnumótunarvinnu. Við skilgreindum gildi Etadeildar, sem eru: *Frumkvæði, fagmennska og samkennd* og við skilgreindum hlutverkin á þann veg að: *Í Etadeild viljum við fylgjast með þróun í menntamálum, kryfja mál til mergjar og stuðla að menntun og fræðslu. Deildin er vettvangur okkar til að kynna, deila reynslu og njóta ánægjustunda.* Við settum okkur einnig markmið og á þessum tímamótum er við hæfi að skoða hvernig til hefur tekist:

*Að hafa forystu í faglegri umræðu*

*Að efla innbyrðist tengsl okkar*

*Að velja verkefni utan deildar til að vinna að*

*Að auka samskipti við konur í öðrum deildum, innan lands sem utan*

Með góðri kveðju út í vorið,  
Bryndís Guðmundsdóttir formaður

### Eta

Etadeild var stofnuð  
þann  
6. júní 1997.  
Í henni eru konur frá  
Reykjavík og  
nágrenni.



## Mý



Fyrsti fundur á nýju ári var haldinn 17. janúar í Grófinni geðverndarmiðstöð á Akureyri. Friðrik S. Einarsson, formaður stjórnar Grófarinnar, og Valdís Eyja Pálsdóttir forstöðumaður kynntu starfsemi Grófarinnar. Kom fram í máli þeirra að Grófin byggir á starfsemi Geðverndarfélag Akureyrar sem stofnað var 1975. Grófin tók til starfa 13. október 2013 að Hafnarstræti 95, 4. Hæð, og er starfsemi Hugarafls fyrir sunnan fyrirmyndin að starfseminni. Unnið er út frá hugmyndum um valdeflingu og jafningjanálgun, þar sem lögð er áhersla á að einstaklingurinn taki ábyrgð á eigin bata og að fólk með geðraskanir og fagfólk geti rætt saman eins og jafningjar.



Þuríður Rósenbergsdóttir kynnti þróunarverkefni sem nú stendur yfir í Oddeyrarskóla. Upphafið var að hún fór á námskeið í Dialektískri atferlismeðferð (DAM) síðastliðið vor, en á námskeiðinu var fjallað um meðferð fólks sem á í tilfinningavanda, t.d. með því að efla streitupólsfærni þess, samskipti, tilfinningastjórnun og núvitund. Anna Guðmundsdóttir var svo með orð til umhugsunar og lagði út frá hamingjunni.

Annar fundur ársins var haldinn í Verkmenntaskólanum á Akureyri 15. febrúar. Hefð er fyrir því í Mýdeild að halda einn bókafund snemma árs þar sem félagskonur segja frá áhugaverðum bókum sem þær hafa lesið. Einnig er farið í skemmtilegan bókaleik. Þessi annar fundur ársins var þessi bráðskemmilegi bókafundur.



Næsti fundur var haldinn 27. mars á leikskólanum Lundarseli. Anna Lóa Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Símei, flutti fyrirlestur um hamingjuna. Anna Lóa heldur úti síðu sem heitir Hamingjuhornið. Guðný Sigríður Ólafsdóttir flutti orð til umhugsunar um hinar ýmsu leiðir hamingjunnar.

Fram undan er síðasti fundur vetrarins, en hann er 18. maí. Á dagskrá verður m.a. inntaka nýrra félaga.

Bryndís Björnsdóttir formaður og Ólöf Inga Andrésdóttir varaformaður

## Mý

Mýdeild var stofnuð 26. apríl 2011. Í Mý eru konur frá Akureyri og nágrenni.



## Zeta



Í Zetadeild eru þrettán konur sem búsettar eru á Fljótsdals-  
héraði og í Fjarðabyggð. Tveir fundir hafa verið haldnir það  
sem af er þessu ári.

Febrúarfundurinn var haldinn á Gistihúsinu Egilsstöðum. Eftir  
hefðbundin fundarstörf hélt Jón Ingi Sigurbjörnsson, kennari  
með meiru, erindi í máli og myndum um merkilegan fornleifa-  
fund hér eystra á Vestdalsheiðinni árið 2004. Þar fundust  
líkamsleifar ungrar konu frá landnámsöld og fjöldinn allur af  
perlum og nokkrar nælur. Kynning hans var mjög áhugaverð  
og vöknudu margar spurningar um hver hin unga kona gæti  
hafa verið, hvert hún var að fara og hvaðan hún kom.

Marsfundurinn var haldinn á Fosshótelinu á Fáskrúðsfirði en  
hófst í norðurljósahúsinu á Fáskrúðsfirði. Safnið var opnað  
vorið 2016 og hefur að geyma norðurljósamyndir eftir þær  
Jónínu G. Óskarsdóttur og Jóhönnu K. Hauksdóttur.

<http://www.east.is/is/east/service/auroras-iceland>

Síðan var haldið á veitingastaðinn L'Abri á Fosshótelu. Þar  
sagði okkur ævintýri sögukonan Berglind Ó. Agnarsdóttir og  
var auðvelt að detta inn í ævintýraheiminn við frásögn  
Berglindar, sem sagði afar skemmtilega frá. Auk Berglindar  
voru tveir aðrir gestir á fundinum, þær Unnur Sveinsdóttir og  
Marta Wíum Hermannsdóttir, og er það von okkar að þær hafi  
áhuga á að ganga í Zetadeildina.

Við ræddum komandi Landsþing og þegar þetta er skrifað eru  
sex félagskonur Zetadeildar að undirbúa ferð norður ☺.

Næsti fundur Zetadeildar er aðalfundur deildarinn haldinn 18.  
maí næstkomandi í Neskaupstað. Þar verður litið yfir liðið ár  
og farin fræðsluferð ☺

Helga Magnea Steinsson formaður



## Zeta

Zetadeild starfar á Austurlandi  
og eru félagskonur frá  
Fljótsdalshéraði og neðan af  
fjörðum.







## Epsilon



Fyrsti fundur deildarinnar eftir áramót var haldinn heima hjá Elínborgu Sigurðardóttur að lðu í Biskupstungum. Uppsveitakonur bökuðu brauð og bjuggu til dásamlegt kjúklingasalat handa fundarkonum. 16 konur mættu og var þetta bókafundurinn okkar. Elín Hannibalsdóttir var með orð til umhugsunar og síðan lögðumst við í bókarýni. Þar bar margt á góma og konur sögðu frá mörgum bókum sem þær höfðu lesið. Í lok fundar las Sigríður Guttormsdóttir grein um læsi sem hún hafði snarað yfir á íslensku, en greinin birtist í Times.

Annar fundur deildarinnar eftir áramót var haldinn í Sunnulækjarskóla á Selfossi 13. febrúar. Tuttugu konur mættu. Aðalefni fundarins að þessu sinni var kynning systur okkar, Ingibjargar Ingadóttur, á meistararitgerð sinni. Rannsóknarverkefni hennar fjallar um óhefðbundna enskukennslu fyrir fullorðna. Ræddi Ingibjörg m.a. um mikilvægi þess að efla áhugahvöt nemenda og byggja efnisval og nálgun kennslunnar á styrkleikum þeirra frekar er þurru stagli. Benti hún t.d. á hvernig tónlist sem allir þekkja getur verið sameiginlegur grunnur til að byggja á og vinna með í tungumálanámi og þannig aukið áhuga og orðaforða hvers og eins. Þá kom hún inn á það hversu mikilvægt er að bjóða upp á skapandi kennsluhætti í námi fullorðinna og hvernig það geti viðhaldið áhuga nemenda í námsferlinu öllu. Gerður var góður rómur að erindi Ingibjargar. Sigfríður Sigurgeirsdóttir sagði okkur í stuttu máli frá skólastarfinu í Sunnulæk. Að fundi loknum fórum við á Menam og snæddum góðan mat.



Þriðji fundur deildarinnar eftir áramót var haldinn í Grunnskólanum í Þorlákshöfn. 17 konur mættu. Hólmfríður Árnadóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði hún um innsæi og að auka styrk sinn með næmni og skynjun.

**Epsilon**  
Epsilondeild var  
stofnuð 1989 og  
starfar hún á  
Suðurlandinu.



Aðalefni fundarins að þessu sinni var kynning formannsins okkar, Ingibjargar Þorleifsdóttur, á þeirri vinnu sem fram fer í læsisteymi Menntamálastofnunar. Hún sagði meðal annars frá lestrarprófum sem verið er að semja og allir grunnskólakennarar hafa eða munu hafa aðgang að. Að fundi loknum örkuðum við út á veitingastaðinn Meitil, þar sem ein okkar er vert, og fengum dýrindis kjötsúpu.

Síðasti fundur vetrarins verður í maílok.

Við í deildinni höfum verið að kynna hana fyrir nokkrum konum hér á Suðurlandinu (í Árnassýslu) og ef vel tekst til mun fjölga í hópnum næsta haust.

Allar fundargerðir eru á netinu á svæðinu okkar.

Bestu kveðjur,

Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir, formaður Epsilondeildar





## Delta



Fyrsti fundur hjá Delta á nýju ári var haldinn 10. janúar í Tónlistarskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi. Fundurinn var í boði Zontaklúbbsins Uglu á Vesturlandi. Theodóra Þorsteinsdóttir, fráfarandi formaður Delta, er félagi í Zonta og hafði forgöngu um að bjóða Deltadeildinni á fund þar. Zontakonur sáu um að skipuleggja fundinn og tóku á móti okkur með skemmtilegheitum og dýrindis veitingum. Theodóra kynnti starfsemi Zontaklúbbsins og Guðlaug formaður og Ásta ritari kynntu Delta Kappa Gamma.

Annar fundur var svo haldinn 10. mars, í húsakynnum Vinnumálastofnunar í Reykjavík. Eftir hefðbundna dagskrá flutti Hrafnhildur Tómasdóttir, sviðsstjóri ráðgjafar- og vinnumiðlunarviðs, erindi þar sem hún fór í stuttu máli yfir hlutverk og verkefni Vinnumálastofnunar. Aðalerindi Hrafnhildar fjallaði um samnorrænt þróunarverkefni Ungu in i Norden, eða „Áhersla á ungmenni á Norðurlöndum“, sem er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og Vinnumálastofnun á aðild að. Mikil ánægja var með fyrirlesturinn. Eftir fundarslit var haldið á Kringlukurána, þar sem snæddur var kvöldverður og mikið spjallað áður en haldið var heim á leið. Heimleiðin reyndist hluta hópsins lengri en venjulega, þar sem rúmlega klukkustundar bið beið í hávaðaroki á Kjalarnesi, sem var lokað af þeim sökum. En heim komumst við allar, sælar og sáttar, eftir afar góðan fund.



Fimmti og síðasti fundur Delta var haldinn í Ensku húsunum á Mýrum 31. mars til 1. apríl. Við ákváðum að taka einn fund á þennan hátt, vinna og hrista okkur vel saman. Eftir kvöldmatargerð og snæðing var haldinn hefðbundinn fundur og síðan farið í hópavinnu þar sem skipt var í fjóra þriggja manna hópa.

- Viljum við fjölga félagskonum í Delta? Félagskonur skrifuðu undir samþykki.
- Hvaða geisla vantar í okkar hóp? Hugmyndir að nýjum félögum. Viðmiðunarreglur fyrir Deltadeild. Farið var yfir tillögur nefndar um málið og athugasemdir gerðar. Einnig fylgdu viðmiðunarreglur þetadeildar og hugleiðingar um uppástungu og inntöku nýrra félaga sem Sigrún setti saman.
- Skemmtiatriði á Landssambandsþingi í maí næstkomandi. Leitað eftir hugmyndum að skemmtiatriðum sem Deltadeild gæti boðið upp á á þinginu.
- Hugmyndabanki – 30 ára afmæli Deltadeildarinnar á árinu. Leitað eftir tillögum að viðburðum í tilefni afmælisins, þ.e. hvenær höldum við upp á það, hvar og hvernig? Einnig var beðið um hugmyndir fyrir næsta starfsár, þ.e. þemu, erindi, fyrirlestra, námskeið og fundarstaði.





Þá var happdrætti og „lagið mitt“ á sínum stað. Sú sem fær vinning kemur með vinning næst og ein félagskona er valin til að koma með uppáhaldslagið sitt sem allar syngja saman. Að söng loknum var fundi frestað til morguns en við tók kvöldstund með nærandi samræðum og gleðihlátri.

Í bítíð næsta morgun eftir ríkulegt morgunverðarhlaðborð tók við sjálfstyrkingarnámskeið í umsjá Ingu Stefánsdóttur, sálfræðings og Deltakonu. Inga ræddi meðal annars um hamingjuna og að hver og einn skapaði sér sína eigin hamingju. Það hún okkur að hugleiða um stund hverja fyrir sig hvað gerði okkur hamingjusamar. Við erum sjaldan í núinu en ef okkur tekst það getum við lengt tímann okkar. Við þurfum að ýta á pásutakkann tvisvar til þrisvar á dag, hinkra við og hugleiða hvað við erum að gera, hlaða batteríin og læra að njóta þess tíma sem til að mynda tækniframfarir hafa sparað okkur í stað þess að hlaða sífellt meira á okkur. Því næst leiddi Inga okkur í gegnum slökun og að því loknu fórum við í 15 mínútna göngutúr þar sem hver kona gekk með sjálfri sér og hugleiddi. Síðan voru umræður um upplifanir okkar, búið til listaverk um upplifunina, því gefið nafn og líka verkum hinna og svo endað á að búa til ljóð úr nöfnunum.



Eftir góðan hádegisverð var gengið til framhaldsfundar þar sem niðurstöður úr hópstarfinu voru kynntar. Miklar umræður urðu í kjölfarið. Almenn ánægja var með dagskrá og samveru helgarinnar, sem þjappaði okkur vel saman. Sú spurning kom upp hvort við gætum ekki gert þetta á hverju ári.

Deltadeildin ætlar að fjölmenna á Landsambandsþingið á Akureyri í ár.

Guðlaug Sverrisdóttir formaður

### Delta

Deltadeild var stofnuð  
2. maí 1987.  
Í henni eru konur  
á Vesturlandi.





## Iota



Á fundi okkar í apríl síðastliðnum var hún Eygló með okkur í gegnum Skype. Það var mjög skemmtilegt og gaman að fá gest á fundinn. Þetta fyrirkomulag mætti alveg nota meira og t.d. líka á milli deilda.

Síðasti fundurinn okkar á þessu starfsári verður 9. maí, en þá er gönguferð og fræðsla um samtök sem heita Gróandi og eru með ræktun á alls konar grænmeti hér í fjallshlíðinni fyrir ofan Ísafjörð, þar sem bæjarbúar koma að og rækta gegn vægu gjaldi. Síðan borðum við saman á veitingastaðnum Húsinu.

Veturinn hefur verið skemmtilegur. Alls kyns fræðsla sem við höfum fengið til okkar tengist Sköpun í víðum skilningi, en það var þema vetrarins hjá okkur.

Bestu kveðjur og óskir um gleðilegt sumar frá okkur öllum í Iotadeild,

Helga Björk Jóhannsdóttir formaður



## Iota

Iotadeild var stofnuð  
5. júní 2004  
og starfar hún á  
norðanverðum Vestfjörðum.





## „Berhögg og bjargráð í lífi ungra stúlkna“ Erfið samskipti og líðan stúlkna

**Ingibjörg Auðunsdóttir, Betadeild**

Ég þakka ritstjórn Fréttabréfs DKG fyrir að sýna málefni ungs fólks áhuga. Með vakandi auga þarf stöðugt að huga að líðan ungs fólks. Niðurstöður ýmissa rannsókna og kannana sýna að mikil þörf er á umræðu og aðgerðum í málaflokknum.


Á fundi Zontaklúbbanna á Akureyri 8. mars 2017, á baráttudegi kvenna, hélt ég fyrirlestur um samskipti og líðan ungra stúlkna. Í framhaldi var ég beðin um að skrifa grein um efnið.

Í starfi mínu síðustu tvo áratugi sem sérfræðingur á Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri hef ég unnið með ungu fólki, foreldrum þess og starfsmönnum skóla að bættum samskiptum og líðan nemenda. Lengst af hef ég unnið með erfið samskipti og eineltismál drengja. Fyrir um átta árum fóru starfsmenn skóla í auknum mæli að kalla eftir aðstoð vegna erfiðra samskipta og líðan stúlkna. Þá tók ég upp verkfærakistuna sem hafði nýst vel með drengjunum og notaði verkfærin með stúlkunum. Þau skiluðu ekki nægum árangri. Þegar ég hóf leit að íslensku efni ætluðu samskiptaerfiðleikum ungra stúlkna greip ég í tómt, það fékk á mig. Hvers vegna var ekki aðgengilegt efni um samskiptaerfiðleika ætlað stúlkum, höfðu þær gleymst? Flest íslensk ungmenni virðast lífa góðu lífi í faðmi fjölskyldunnar og eru að standa sig vel á mörgum sviðum. En því miður hefur fjölgað mikið í hópi ungs fólks sem líður illa og alveg sérstaklega hjá stúlkum á síðustu árum.

Í greininni mun ég fjalla um stöðu ungra stúlkna og bjargráð. Ég fjalla um þætti sem vitað er að hafa neikvæð áhrif á þroska og líf unglingsstúlkna og hugsanlega orsakir. Ég dreg fram aðgerðir sem reynst hafa vel í vinnu með stúlkum þegar heimili, skólinn og samfélagið vinna saman.

### Hvernig líður stúlkunum okkar?

Starfsmenn Rannsóknar- og greiningar hafa í tvo áratugi unnið rannsóknir á forspárþáttum heilsu, líðanar og hegðunar hjá börnum og ungmönnum. Mynd 1 sýnir kvíða meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk frá árinu 2000 til 2016.



Mynd 1. Kvíði nemenda í 8., 9. og 10. bekk Rannsókn og greining, Fréttatíminn 22.-24. apríl 2016




Í skýrslu Rannsóknar og greiningar, Ungt fólk 2016 – Lýðheilsa ungs fólks í Reykjavík, kemur fram að kvíði unglingsstúlkna hefur vaxið frá árinu 2000 og hraðast frá árinu 2009. Árið 2016 finna tæplega 4% drengja oft eða alltaf fyrir alvarlegum kvíðaeinkennum en stúlkurnar nálgast 17%. Í öllum þátttökuríkjum PISA-rannsóknar Efnahags- og framfarastofnunar OECD frá 2015 er kvíði stúlkna meiri en drengja. Þar kemur líka fram kynjamunur á lífshamingju ungmenna, drengjum í vil. Í öllum löndunum sem tóku þátt í rannsókninni eru drengir ánægðari með lífið en stúlkur. Hvergi er munurinn á ánægju stúlkna og drengja meiri en á Íslandi, mælist 18%, drengjum í hag.

Fyrstu vísbendingar um vanlíðan stúlkna sá ég í skýrslu tengdri Skólapúlsinum (Almar M. Halldórsson, 2011). Fram kom að stúlkur á unglingsstigi yrðu fyrir meira einelti en dengir, sýndu meiri kvíða en þeir, gæfu til kynna meiri vanlíðan og sjálfsálit þeirra væri mun minna þótt yfirburðir þeirra í náminu ykjst. Það er sláandi að sjá drengi með sterkara sjálfsálit meðan líðan stúlkna versnar.

Þegar leitað er svara við því hvers vegna stúlkum líður illa eru ýmsar vísbendingar á lofti en minna er um niðurstöður rannsókna sem gefa okkur skýr svör. Þórólfur Þórlindsson, fyrrverandi prófessor (Fréttatíminn, 22.-24. apríl 2016), segir vísbendingar um að kvíða stúlkna megi tengja miklum breytingum sem verði á lífi þeirra á stuttu tímabili. Í Svíþjóð og Finnlandi hafa alvarleg kvíða- og þunglyndiseinkenni hjá stúlkum gert vart við sig nokkrum árum eftir efnahagskreppu. Gera má ráð fyrir svipuðum áhrifum hér á landi.

### Einelti og erfið samskipti

Haustið 2013 mældist tíðni eineltis á Íslandi meðal stúlkna í skólum sem nýta eineltisáætlun Dan Olweus í fyrsta sinn hærrí en hjá drengjum. Tíðni eineltis mældist þá 4,9% meðal stúlkna en 4,6% meðal drengja. Breytingar höfðu sést í þessa átt hjá stúlkum í 9. og 10. bekk frá árinu 2011. Á Mynd 2 sést að verulega hefur dregið úr einelti ungs fólks á því átta ára tímabili sem taflan tekur til og að markviss vinna gegn einelti hefur skilað árangri (Þorlákur Helgason 2016, munnleg heimild).



Mynd 2

Félagatengsl eru stúlkum mjög mikilvæg. Besta vinkona/-ur og vinahópur skipta þær miklu máli og þegar steytir á í samskiptum verður oft mikið drama. Drengirnir virðast aftur á móti oftast eiga fleiri vinahópa en stúlkurnar og eiga auðveldara með að flakka á milli þeirra ef eitthvað fer úrskaiðis í einum hópnum. Þeir taka léttar á samskiptaerfiðleikum og eru fljótari að vinna úr þeim en stúlkurnar.

Fram hefur komið að stúlkur beita frekar en drengir duldu, óbeinu einelti og verða sömuleiðis oftast fyrir því. Stúlkur sem verða fyrir einelti kvarta undan baktali, að gert sé grín að þeim og þeim sé strítt á meiðandi og óþægilegan hátt. Þær eru hunsaðar og verða fyrir útilokun og upplifa sig félagalausar í frímínútum. Þær verða fyrir meira einelti á netinu og í síma en drengirnir (Olweusaráætlun, 2016). Það sem oft einkennir þessa slæmu hegðun stúlkna er að hún fer fram án vitundar fullorðinna, í mikilli leynd. Hegðuninni, hvort sem hún er skilgreind sem einelti eða ekki, fylgir veruleg vanlíðan meðal stúlkna og gæti útskýrt kvíða þeirra að einhverju leyti. Rætt hefur verið um að stúlkum sé kennt og sagt að vera góðar, þægar og duglegar að læra. Staðalmynd stúlkna samræmist frekar þeirri hegðun sem ætlast er til af þægum nemendum og að stúlkur hafi minna svigrúm en drengir til að fá útrás fyrir reiði og erfiðar tilfinningar. Þeim er kennt að þær eigi ekki að sýna ljóta hegðun og þess vegna fara þær leynt með óæskilega hegðun og eru sumar snillingar í því.

Það vekur athygli í tengslum við einelti stúlkna að þær eru mun hræddari en drengir við að lenda í einelti og er sú hugsun augljós kvíðavaldur.



Ýmsir aðrir þættir valda stúlkum áhyggjum og kvíða, eins og áhyggjur þeirra af útliti, og er þeim tíðrætt um það. Mörgum finnst þær aldrei nógu grannar eða fallegar. Það kemur síðan í ljós að þær stúlkur sem áhyggjur hafa af líkama sínum og útliti eru miklu viðkvæmari fyrir áhrifum samfélagsmiðla en þær sem minni áhyggjur hafa af útlitinu. Sjálfsmynd þeirra byggir að hluta til á viðbrögðum, „lækunum“, í netheiminum. Í niðurstöðum Rannsóknar og greiningar (2016) kemur líka í ljós að tengsl eru hjá stúlkum milli notkunar samfélagsmiðla og kvíða.



Kvíðnar stúlkur eru mikið á samfélagsmiðlum og eftir því sem þær eyða meiri tíma á samfélagsmiðlum er kvíði og þunglyndi þeirra meira.





### Meiðandi orðbragð og andinn í bekknum

Þá langar mig að draga fram orðanotkun ungs fólks. Þegar ég er kölluð til vinnu í skólum þar sem samskipta- og hegðunarerfiðleikar eru til staðar óska ég oft í upphafi eftir að fá að sitja bekkjarfund nemenda. Markmiðið er að skynja andrúmsloftið í bekknum og greina valdastöður innan hópsins. Það gerist stundum að bekkjarfundirnir virka ekki, oft vegna þess að einhverjir ákveðnir aðilar taka völdin og umræðan nær ekki að þróast. Strákarnir eiga til að eyðileggja umræðuna með fiflagangi og ljótu orðbragði. Stúlka lýsti stöðunni og sagði: „Við fáum aldrei frið til að tala saman fyrir strákunum, þeir drulla yfir okkur og við eigum engan séns í umræðunni.“ Áður en ég byrja að vinna með samskipti nemenda legg ég áhersu á að ræða við þá einstaklingslega um stöðuna. Þegar ég heyri að ljótt orðbragð viðgengst í hópi unglunga spyr ég þá þriggja spurninga:

1. Hvaða ljót orð heyrir þú í bekknum þínum?
2. Hvaða ljót orð hafa verið sögð við þig?
3. Hvaða ljót orð hefur þú sagt við aðra?

Nemendurnir svara skriflega en ekki undir nafni og þeir vita að ekkert verður rakið til þeirra persónulega. Hér sjáið þið svörin við þessum spurningum í einum unglingsabekk á Akureyri. Sum orð komu oft fram en önnur en eru aðeins skráð einu sinni.

#### 1. Hvaða ljót orð heyrir þú í bekknum þínum?

Þegiðu, mella, tussa, hóra, slátrari, vangefin, þroskaheft, tík, helvítis, andskotinn, fuck you, djöfuls tussa, drullaðu þér, fockaðu þér, ógeðslegt gerpi, þú lítur út eins og hestur, stóri risi, ógeð, hálfviti, væskill, aumingi, fáviti, þú ert ekki heilbrigður, þú ert bólufés, mamma þín og pabbi eru tussa, þegiðu þú ljóta rotta, fatlaður, heimskingi, sorgleg, þú ert orðin svo leiðinleg/ur, helvítið þitt, hommi, stúpít, asninn þinn, drusla, haltu kjafti.

#### 2. Hvaða ljót orð hafa verið sögð við þig?

Engin, bólufés, tussa, ertu heilbrigður, fáviti, aumingi, hóra, þegiðu, rotta, slátrari, vangefin, tík, þroskaheft, fock you, það eru ekki sögð ljót orð við mig, engin, Oj, hvað hún er ljót, karlhóra, heimsk, vitlaus, vinalaus, mella, ég sé léleg/ur í öllu, heimsk/ur, ógeðsleg/ur, ljót/ur, það hefur enginn sagt neitt ljótt við mig, asni, focki, djöfull, hommi, drullaðu þér, haltu kjafti, stupit.

#### 3. Hvaða ljót orð hefur þú sagt við aðra?

Þegiðu, hommatittur, tík, tussa, dvergur, heimskur, fifl, segi ekki ljót orð við aðra, fáviti, mamma þín sýgur þig og einhverjir fleiri, fock you, ég myndi aldrei segja neitt ljótt við aðra, þessi er ljót eða ljótur, vá-hún er leiðinleg, hálfviti.

Athyglisvert er að ljótu orðin sem oftast voru notuð eru **Tík** í merkingunni ómerkilegur kvenmaður. **Tussa**, nafn á kynfærum kvenna og orð sem tengjast fötlun á einhvern hátt. Svo virðist sem þessi orð séu einna neikvæðust í hugum unglínganna sem ég talaði við.

Í eineltisfræðum hefur lengi verið vitað að þegar ljótt orðbragð og gróf umgengni fær að þróast og er láatin óáttalin kyndir slík hegðun undir einelti. Ég hef reynt að setja mig í spor þeirra sem fá og eiga á hættu að fá þennan óhróður yfir sig og reynt að skynja líðan þeirra. Hvernig þætti þér, lesandi góður, að vera skyldaður í vinnu og vera kallaður þessum orðum, kannski nokkrum sinnum á dag? Mér þætti það óbærileg tilhugsun.

### Að vera heill heilsu

Við lestur bókarinnar „Ungt fólk: Tekist á við tilveruna“ kemur margt á óvart. Ef við skoðum fyrst geðræna erfiðleika ungs fólks segir Eiríkur Örn Arnarsson (2016) tíðni alvarlegrar geðlæggðar og óyndis vera að aukast í yngri aldurshópum. Hann segir 14% ungmenna greinast fyrir 15 ára aldur með alvarlega geðlæggð/óyndi, sem er tvisvar sinnum algengara meðal stúlkna en pílta. Brynja Örlygsdóttir o.fl. (2016) benda á að samfara auknum kvíða meðal íslenskra ungmenna hafa ávísanir á kvíða-stillandi lyf farið vaxandi. Samkvæmt skráningu í lyfjagagnagrunni var notkun Íslendinga á þunglyndislyfjum mest innan landa OECD árið 2010 (Embætti landlæknis, 2014a). Íslenskar stúlkur 15 til 24 ára taka mun meira af þunglyndislyfjum en danskar stúlkur á sama aldri.

Í kaflanum Algengi verkja meðal íslenskra unglíngna 1989 og 2006 eftir Guðrúnu Kristjánsdóttur (2016) segir að verkir séu algengir meðal íslenskra unglíngna. Hún skoðaði algengi verkja í höfði, maga og baki. Rannsókn Guðrúnar byggir á tveimur landskönnunum meðal nemenda í 6. og 10. bekk. Fyrri könnunin frá 1998 byggir á svörum 2.173 nemenda, seinni könnunin frá 2006 tók til 5.697 nemenda. Hjá eldri hópnum, 15-16 ára unglíngum, hækkaði vikulegt algengi verkja marktækt á þessum 17 árum:

Höfuðverkur úr	19,2% í 39,2%
Magaverkur úr	14,1% í 29,9%
Bakverkur úr	25,4% í 38,3%

Guðrún segir engin erlend dæmi um jafn mikla aukningu á algengi endurtekinna verkja 15-16 ára ungmenna sem þessi íslenska rannsókn sýnir. Hún segir að algengustu einstöku skýringar unglíngna í rannsóknum á verkjum séu íþróttir og skortur á svefni. Þau nefna einnig að breytingar á veðurfari, átök, álag í fjölskyldu, próf, of mikil hreyfing, næring, sorg, einmanaleiki og tölvu- og sjónvarpsnotkun sem mögulegar skýringar á verkjum.

Að lokum þessarar umfjöllunar um heilbrigði skulum við skoða hvað Sóley Bender (2016) hefur að segja um kynheilbrigði unglíngna. Hún segir að íslenskir unglíngar byrji fyrr að stunda kynlíf en unglíngar víða í Evrópu. Þeir stundi áhættusamara kynlíf, sem leiði til hærri tíðni klamydíu og fæðinga meðal þeirra en unglíngna í ýmsum nágrannalöndum. Af öllu þessu má sjá að staða ungs fólks er ekki nægilega góð á Íslandi.



### **Bjargráð – umræða**

Nú hef ég dregið fram nokkur atriði í tengslum við heilsu og líðan stúlkna. Stúlkur virðast berskjaldaðri fyrir vanlíðan, sérstaklega kvíða, en drengir. Ég nota orðið berhögg í heiti greinarinnar og er þá að vísa í merkingu orðsins sem „högg sem engin hlíf er til varnar fyrir“ (Jón G. Friðjónsson, 1993). Stúlkur virðast ekki hafa komið sér upp nægum bjargráðum sem hlífa og styrkja.

En hvað er til ráða? Að mínu mati er samvinna og samstaða stofnana og aðila mikilvægust. Foreldrar, skólinn, þorpið – samfélagið þarf að taka höndum saman, stefna í sömu átt og vinna sameiginlega að markmiðum. En okkur vantar samræðuna. Við göngum ekki í sömu átt og þurfum, sameiginlega sem þjóð, að styrkja ýmis viðmið í uppeldinu. Vandinn sem er til staðar er þess eðlis að foreldrar geta ekki einir tekið málin í sínar hendur, ekki heldur mennta- og heilbrigðisstofnanir. Íslenskir unglingar þurfa stuðning foreldra og samfélags og foreldrar einnig.

Það er ljóst að auka þarf til muna heilbrigðisþjónustu fyrir ungt fólk og leggja áherslu á rannsóknir sem gefa okkur vísbendingar um leiðir til að bæta líf þess. Aðgengi að meðferð við andlegum erfiðleikum er ekki nægjanlegt og efla þarf sálfræðiþjónustu framhaldsskólanna. Foreldrar og starfsmenn heilbrigðis- og menntastofnana þurfa að taka höndum saman um kynfræðslu ungs fólks. Bent hefur verið á að íslenskt samfélag skorti umgjörð til að efla kynheilbrigði unglunga og mikil þörf er á áætlun sem tekur á kynheilbrigði unglunga.

Í PISA (2015) er lögð áhersla á að kennarar greini námslegan kvíða nemenda og vinni með þeim að því að læra af mistökum. Þeir benda einnig á að hjálplegt geti verið að kennarar hjálpi nemendum að setja sér raunhæf markmið í náminu. Mikið er til af efni sem eflir sjálfstraust stúlkna sem hægt er að nota í skólum.


Í tæpa hálfu öld hef ég verið nátengd námi og kennslu grunnskólanemenda. Á þessu tímabili hafa flestir þættir skólamála þróast í rétta átt. Nokkrir þættir virðast ekki gera það að mínu mati og nefni ég tvo þeirra hér. Kennurum hefur reynst æ erfiðara að halda aga og fleiri stúlkum líður illa nú en áður.

Þegar ég hóf vinnu við Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri um síðustu aldamót var eitt erfiðasta verkefnið sem mér var falið var að innleiða foreldrasamning Landssamtakanna heimila og skóla. Öllum grunnskólum stóð til boða foreldrasamningur, þar sem foreldrar voru m.a. hvattir til að virða útivistarreglur barna, reglur sem voru settar til verndar börnum og unglingum. Það var ótrúlegt að standa frammi fyrir foreldrum sem ekki voru tilbúnir að skrifa undir samninginn og fara eftir útivistarreglum. Sumir treystu sér ekki til að fylgja útivistarreglunum eftir. Málið þróaðist þó vel og að lokum fundu foreldrarinn ávinninginn og komu með, en það kostaði oft átök.

Ég man líka eftir átaki foreldrafélaga á Akureyri sem miðaði að því að draga úr drykkju unglunga í miðbæ Akureyrar um helgar. Foreldrar skipulögðu foreldrarölt og skiptu með sér helgum, stóðu vaktina á kvöldin og fram eftir nótt. Þeir tóku með sér teppi og heitt kakó og hlúðu að drukknum unglingum. Þessir tveir þættir, foreldrasamningurinn og foreldrarölt, höfðu mikil áhrif. Meðvitund foreldra um vandann jókst. Með samstilltu átaki aðila hefur verulega dregið úr áfengis- og vímuefnaneyslu ungmenna (Rannsókn og greining, 2016). Þar hafa rannsóknir Rannsóknar og greiningar í rúma tvo áratugi haft mikið að segja og þeim ber að þakka.

Margir vísa í afríska máltækið sem segir „Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“, þegar rætt er um uppeldi barna, oft í tengslum við aga. En spyrja má hvort íslensk þorp séu almennt vel upp alin. Það er grundvallaratriði að foreldrar og kennarar séu samtaka og láti t.d. ekki ljótt orðbragð viðgangast. Við þurfum að sannmælast um hvernig við tölum við annað fólk í orði og á neti, til þess þarf fólk að tala saman.


Eftirfarandi er ágætt dæmi um samstöðu foreldra og fagmanna, leið sem farin var á Akureyri. Um nokkurt skeið hafa foreldrar og skólamenn á Akureyri haft áhyggjur af mikilli snjalltækjanotkun barna og unglinga. Foreldrar hafa kallað eftir leiðbeiningum og hagnýtum verklagsreglum um notkun þeirra. Því fagna ég viðmiðum velferðarnefndar Akureyrarbæjar um skjánotkun barna og unglinga sem ætti að geta nýst foreldrum til að byggja upp traustari ramma í kringum börn sín, sjá mynd 3.



Mynd 3.



Í sjávarþorpi á Norðurlandi komu upp erfiðleikar í samskiptum stúlkna eins og sjá má á mynd 4. Árið 2005 mældist einelti stúlkna 2,8% en var komið í 17,8% árið 2012. Þá var ég kölluð til og vann með nemendum, foreldrum, kennurum og stjórnendum að lausn málsins. Í stuttu máli voru allir aðilar þorpsins, sem tengdust nemendum skólans, tilbúnir að taka á og vinna með. Haustið eftir inngripið var eineltið aftur mælt og var þá komið niður í 3,3%.



Mynd 4

Vinnulagið sem nýtt var byggir á hugmyndum bandarísku sérfræðinganna Julaine Field, Jered Kolbert, Laura Crothers og Tammy Hughes (2009). Þau hafa sett fram áætlun fyrir skóla um hvernig vinna má með stúlkum sem eiga í samskiptavanda. Áætlunin byggir á ákveðnu skipulagi innan skólans og tíu umræðufundum þar sem unnið er með stúlkunum. Þetta ferli hefur verið rannsakað með nokkrum stúlknaþópum hérlandis og skilað góðum árangri að mati þeirra sem hafa komið að vinnunni, þ.e. skólastjórnendum, umsjónarkennurum, foreldrum og stúlkunum (Helga Halldórsdóttir, 2014).

### Markmið verkefnisins er

Að hjálpa stúlkum að bæta samskiptin sín á milli og vinna með óæskilega hegðun.

Að efla félagslega færni stúlkanna í samskiptum innbyrðis með því að vinna með æskilega og óæskilega hegðun.

Að gefa stúlkum tækifæri til að ræða saman um þau félagslegu skilaboð sem ætluð eru ungum stúlkum í dag, mikilvægi félagsstengsla, sjálfsvirðingar og félagslegrar samkenndar.


Að stúlkurnar fái þjálfun í að hugsa á gagnrýninn hátt um samskipti sín, hvernig þær tengjast hver annarri og þeim gefið tækifæri til að tala um reynslu sína um leið og þær læra að takast á við árekstra og samkeppni við jafningjana.

Að starfsmenn skólans fái fræðslu um samskipti og hegðun stúlkna og hvað felist í samskiptavanda þeirra.

Að upplýsa foreldra og fá þá til samstarfs um bættan skólabrag.

### Leiðir að markmiðum

Unnið er með stúlkum í hóp við lausn samskiptavanda. Með umræðufundum (10 skipti) er stúlkum hjálpað að sjá hvaða afleiðingar slæm hegðun og erfið samskipti geta haft. Farið er í verkefni og leiki/aðferðir þar sem stúlkum er kennt að skoða samskiptin og líta í eigin barm. Unnið er í samstarfi við starfsmenn og foreldra til að ná settum markmiðum. Á Mynd 5 sjáið þið hefðbundið vinnuferli.



Mynd 5

Eins og sjá má á Mynd 5 er náð samstarf við foreldra byggt inn í verkefnið og er reynslan af því góð. Í verkefninu eru foreldrar virkir og fá viðeigandi upplýsingar og tækifæri til að leggja sitt af mörkum.



## Hvernig læra foreldrar að ala upp börnin sín?



Komið hefur í ljós að uppeldisaðferðir foreldra skipta máli um þroska barna og ungmenna. Þar vega þýngst leiðandi uppeldisaðferðir foreldra sem einkennast af samræðum, hlýju og viðurkenningu, stuðningi og hvatningu. Börnum eru sett mörk og útskýrt hvað sé við hæfi hverju sinni. Báðir aðilar eiga að fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar og setja fram rökstuðning fyrir máli sínu. Leiðandi uppeldisaðferðir byggja á gagnkvæmu trausti og umhyggju (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2016).

Mig langar að segja ykkur frá því hvernig ég lærði í móðurhlutverkinu með yngri drenginn minn, Karl sem er kallaður Kalli, hann er alvarlega mál- og hreyfihamlaður. Þegar Kalli var eins árs upplifði ég að ég kynni ekki að ala hann upp, ég kunni ekki að gefa honum að borða, klæða og ég tala nú ekki um samskiptamálin.

Ég var ómöguleg – var samt með þrjú kennarapróf. Ég grét og leitaði allra leiða til að vinna úr því ögrandi verkefni sem mér hafði verið falið. Þessi leit leiddi mig til Ungverjalands á stofnun Andreasar Petö, sem hafði sérhæft sig í þjálfun hreyfihamlaðra barna og stuðningi við fjölskyldur þeirra. Ég hafði heillast af hugmyndum ungversku leiðarinnar.

Hvað var svona merkilegt við ungversku leiðina? Jú, ég fór með Kalla alla morgna inn á stofnunina og vann með öðrum foreldrum sem líka áttu hreyfihömluð börn. Við fórum í gegnum allar athafnir daglegs lífs og hvernig best var að bera sig að fyrir heill barnsins. Þjálfun varð hluti af því að borða, baða og leika. Ég varð sérfræðingur barnsins. Við fórum sjö sinnum til Búdapest og fengum þjálfara af stofnunni til Íslands og vann hann inni á heimili okkar við okkar aðstæður. Þar bættist við ný vídd, að sjá þjálfara vinna við okkar aðstæður. Ég lærði mest með því að „fá að gera sjálf“. Að öðlast vitneskju um hvað þurfti að gera, af hverju og hvernig.

Þegar rannsóknir eru skoðaðar sem taka á samstarfi heimila og skóla eru niðurstöður jákvæðar. Þar sem árangursríkt samstarf heimila og skóla á sér stað ná nemendur meiri námsárangri, þeim líður betur og minna er um brottfall meðal þeirra. Þegar samstarf er skoðað sem tekur til hegðunar og líðanar sjáum við sömu jákvæðu niðurstöðurnar. Líðan nemenda er betri, minni áfengisneysla og styrkari sjálfsmynd.

Áhugaverðar niðurstöður frá 18 þátttökubjóðum í PISA 2015 sýna að nemendur sem eiga foreldra sem verja tíma með börnum sínum, t.d. borða með þeim daglega og eiga samræður við þau, ná ekki bara betri námsárangri, heldur eru börn þeirra ánægðari með líf sitt en börn sem eiga færri samverustundir með foreldrum sínum.

Besta hjálp barnsins getur verið að styrkja foreldrana. Í samstarfi við góðan fagmann skynja ég að árangurinn byggist ekki á því að ég finni sem mest fyrir hjálp hans – heldur að ég finni fyrir auknum eigin styrk og getu til að takast á við lífið.

#### Heimildir:

- Almar M. Halldórsson. (2011). *Einelti og líðan nemenda í grunnskólum sem vinna samkvæmt Olweus áætluninni gegn einelti skólaárið 2010-2011*. Reykjavík: Skólapúlsinn.
- Brynja Örlygsdóttir, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Birta Kjartansdóttir, Ólöf Gunnhildur Ólafsdóttir. (2016). Mat á mælitækinu SCARED til að skima fyrir kvíða: Notkun í heilsuvernd skólabarna. Í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley Bender (ritstjórar), *Ungt fólk: Tekist á við tilveruna* (bls. 111-128). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Embætti landlæknis. (2014a). Ávísun á tauga- og geðlyf á Íslandi hefur fjölgað frá 2003 til 2013. Sótt 3. maí 2017 á <http://www.landlaeknir.is/um-embættid/frettir/frett/item25254/Avissunum-a-tauga--og-geðlyf-a-Islandi-hefur-fjolgad-fra-2003-til-2013>
- Eiríkur Örn Arnarsson. (2016). Geðlægd – Er hægt að byrgja brunninn? Í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley Bender (ritstjórar), *Ungt fólk: Tekist á við tilveruna* (bls. 85-110). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Guðrún Kristjánsdóttir. (2016). Algengi verkja meðal íslenskra unglunga 1989 og 2006. Í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley Bender (ritstjórar), *Ungt fólk: Tekist á við tilveruna* (bls. 71-84). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Helga Halldórsdóttir. (2014). Erfið samskipti stúlkna: leið til lausna. Óútgefin meistaraþrófritgerð, Háskólinn á Akureyri, Akureyri.
- OECD (2017). *PISA 2015 Results: Students' well-being* (3. bindi). Sótt 12. maí 2017 af <http://www.oecd.org/edu/pisa-2015-results-volume-iii-9789264273856-en.htm>
- Þorlákur Helgason (2016). Olweusarverkefnið gegn einelti. Óútgefin gögn.
- Rannsókn og greining: Ungt fólk 2016 – Lýðheilsa ungs fólks í Reykjavík. Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk árið 2016
- Sóley Bender. (2016). Kynheilbrigði unglunga – Ábyrgt kynlíf. Í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley Bender (ritstjórar), *Ungt fólk: Tekist á við tilveruna* (bls. 287-304). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jón G. Friðjónsson. (1993). Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki. Uppruni, saga og notkun. Reykjavík: Mál og menning.
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2016). Farsæl skólaganga ungmenna og þáttur foreldra. Í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley Bender (ritstjórar), *Ungt fólk: Tekist á við tilveruna* (bls. 231-246). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Þórólfur Þórlindsson. (2016). Fréttatíminn 22.-24. apríl 2016.



*Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma  
Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma  
studla að auknum fræðilegum og  
persónulegum þroska kvenna í  
fræðslustörfum og gæðum í menntun og  
uppeldisstörfum*



*Delta Kappa Gamma, Íslandi*

*Vorfréttabréf 2017*



*Heimasíðan okkar er:  
<http://dkg.muna.is>*

*Heimasíða alþjóðasamtakanna er:  
<http://www.dkg.org>*